


skoðun 12

## Æfðu köst af list

*Veiðiferð Krabbameinsfélags Íslands vel heppnuð í alla staði.*

allt 2



SÉRBLAÐ
í Fréttablaðinu
Allt





# FRÉTTABLAÐIÐ

ÞITT

ÞRIÐJUDAGUR

27. júlí 2010 — 174. tölublað — 10. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000




## Töfraheimur tónlistar

*Tónlistarhátíðin Bergmál haldin í fyrsta sinn á Dalvík.*

tímamót 16

## Mammút góð

*Hreif erlenda blaðamenn á Iceland Inspires-tónleikunum.*

fólk 26



## Jafnt á Suðurnesjum

*Keflavík og Grindavík gerðu 1-1 jafntefli í grannaslag.*

íþróttir 22

## veðrið í dag




**STYTTIR UPP** Í dag verða víðast norðan 3-8 m/s. Skýjað og lítils háttar rigning A-til á landinu en léttir SV-lands er líður á daginn. Hiti 10-20 stig, hlýjast SV-til.

VEÐUR 4

# Ferðalangar streyma til Eyja

**Fjöldi ferðamanna til Vestmannaeyja hefur nánast þrefaldast eftir að Landeyjahöfn var tekin í notkun. Veitingahús eru þéttsetin og aukin ásókn er í golfvöllinn. Fleiri fara til Eyja til að sækja þjónustu.**

**FERÐAÞJÓNUSTA** Ferðamönnum til Vestmannaeyja hefur snarfjölgað eftir að Landeyjahöfn var tekin í notkun fyrir viku síðan. Að sögn Guðmundar Pedersen, rekstrarstjóra Herjólfs, lætur nærri að fjöldi farþega hafi þrefaldast miðað við sama tíma í fyrra.

Herjólfur er nú innan við þrjá stundarfjórðunga að sigla frá Landeyjahöfn til Eyja og fer fjórar til fimm ferðir á dag.

„Það hefur verið veruleg aukning þessa fyrstu daga,“ segir Guðmundur. „Það er hellingur af farþegum, upp undir 400 í ferð, og bílarýmið, sem tekur 50 til 60 bíla, er nánast alltaf fullt.“

Veitingamenn hafa líka orðið varir við aukinn straum ferðamanna til Eyja. Hólmgeir Austfjörð er eigandi 900 Grill, sem var opnað í byrjun júní. „Það hefur verið nóg að gera hjá okkur í allt sumar, en það er ekki saman að líkja eftir að Landeyjahöfn var tekin í notkun,“ segir hann. „Helsti munurinn er sá að áður var fyrst og fremst annríki á kvöldin en nú er staðurinn þéttsetinn allan daginn. Við höfum fengið að lágmarki 100 gesti á dag,“ segir Hólmgeir, sem finnst líklegt að það sama sé upp á teningnum á öðrum veitinga- og kaffihúsum í bænum.

Þá hefur ásókn í golfvöll bæjarins aukist á undanfarinni viku. „Við urðum vör við það strax fyrsta daginn þegar siglt var frá Landeyjahöfn,“ segir María Sigurbjörnsdóttir, starfsmaður hjá Golfklúbbi Vestmannaeyja. „Við finnum líka fyrir miklum áhuga; það hafa margir hringt og spurst fyrir um vallartíma. Við eigum því von á að það verði enn meira að gera í ágúst, þegar þjóðhátíð er yfirstaðin.“

Það eru ekki aðeins túristar sem sækja Vestmannaeyjar heim. Einnig hefur borið á því að fólk af meginlandinu geri sér ferð til að sækja þar þjónustu.

„Það hefur verið mikið að gera hjá okkur undanfarna viku,“ segir Sædís Eva Birgisdóttir. starfsmaður í versluninni Geisla. „Bæði eru þetta ferðalangar sem líta inn hjá okkur en líka fólk sem kemur hingað gagngert til að versla eða eftir annarri þjónustu. Það hefur eiginlega verið allt annar bæjarbragur undanfarna viku og hreint dásamlegt.“ **- bs**



**GÆSKUR VIÐ HÖRPU** Báturinn Gæskur lá enn óhreyfður síðdegis í gær en erfitt kann að reynast að hífa hann upp. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Óhapp í Reykjavíkurhöfn:

## Trébátar sukku í höfninni

**HAFNARMÁL** Tveir bátar sukku í Reykjavíkurhöfn um helgina. Annar báturinn, Gæskur, var í smábátahöfninni sem er við tónlistar- og ráðstefnuhúsið Hörpu, en hinn var við Grandagarð og nefnist Ver.

Hafist var handa við að hífa upp Ver, sem er um 20 tonn, síðdegis í gær en Gæskur, sem er um 65 tonn, stóð enn þá óhreyfður síðdegis.

„Þetta kemur nú, því miður, fyrir öðru hverju,“ segir Gísli Gíslason hafnarstjóri. „Það er ekki vitað hvað kom fyrir Ver en eigandinn er að ná honum upp, sem ætti ekki að vera neitt stórmál. Hinn báturinn, Gæskur, flokkast undir reiðileysisbát. Við höfum haft hann undir eftirliti síðustu mánuði og höfum verið að dæla upp úr honum en síðan hefur dæla bilað og hann húrraði bara niður.“

Búið var að fjarlægja olíu og aðra mengunarvalda svo mengunarhætta af þessum bátum er engin. **- mþl**






Íslenskt fyrirtæki orðið langstærsta fyrirtæki heims á sviði túnfiskseldis:

# Einblínir á sushi-markaðinn

**VIÐSKIPTI** Dótturfélag Atlantis Group, félags í íslenskri eigu, er orðið langstærsta fyrirtækið á sviði túnfiskseldi í heiminum eftir sameiningu við mexíkóskt eldisfyrirtæki. Fyrirtækið framleiðir nú 20 til 30 prósent af öllum bláuggatúnfiski sem alinn er í kvíum í heiminum.

„Ég held við getum verið tiltölulega ánægðir með þetta, með þessum kaupum ríflega tvöföldum við starfsemina hjá okkur,“ segir Óli Valur Steindórsson, forstjóri Atlantis Group. Hann verður jafnframt forstjóri sameinaðs dótturfélags, sem fær nafnið Umami Sustainable Seafood.

Kali Tuna, dótturfélag Atlantis Group, hefur stundað túnfiskseldi við Króatíu undanfarin ár. Fyrirtækið sameinast nú Baja Aquafarms, sem ræktar túnfisk undan ströndum Mexíkós.

Óli Valur segir allan túnfisk sem alinn hafi verið hingað til hafa verið seldan til Japans, þar sem hann hafi verið notaður hrár til sushigerðar. Atlantis stefni á að komast inn á sushi-markaðinn í Bandaríkjunum, og þá skipti miklu að framleiða nærri Bandaríkjunum. Fyrirtækið ætli að einblína að mestu á framleiðslu á túnfiski fyrir sushigerð, fiskurinn sé margfalt betri í sushi en á grillinu. „Þegar maður er vanur silkinu vill maður ekki ullina,“ segir Óli Valur.

Kaupsamningurinn hljóðar upp á 28 milljónir Bandaríkjadala, sem jafngildir um 3,4 milljörðum króna á gengi gærdagsins. **- bj**



**TÚNFISKSELDI** Kali Tuna, dótturfélag Atlantis Group, hefur selt um tíu þúsund tonn af bláuggatúnfiski til sushi-gerðar í Japan undanfarin ár. MYND/ATLANTIS GROUP




## SPURNING DAGSINS



*„Steinþór, er þetta ekki algjör farsi?“*

„Jú, en það er betra að vera svolítið farsakenndur en alveg í hakki.“

Steinþór Skúlason er forstjóri Sláturfélags Suðurlands. Fréttablaðið bar saman verðþróun nokkurra kjötvara í blaði gærdagsins. Í ljós kom að verðið á kjötfarsi hafði verið stöðugast af unnu kjöti og sagði Steinþór skýringuna á því vera að auðvelt sé að lækka kostnað með því að nota ódýrara hráefni saman við það.

Ríflega 47 þúsund manns fengu bætur frá Tryggingastofnun á síðasta ári:

# Fjórðungur vanáætlaði tekjur

**FÉLAGSMÁL** Tæpur fjórðungur þeirra sem fengu bætur frá Tryggingastofnun ríkisins (TR) á síðasta ári vanáætlaði eigin tekjur á árinu, með þeim afleiðingum að þeir þurfa að endurgreiða TR mismuninn. Tíundi hver var með minni tekjur en búist var við og á því inneign hjá stofnuninni.

Ríflega 47 þúsund öryrkjar og eldri borgarar fengu bætur frá TR á síðasta ári, samkvæmt uppgjöri stofnunarinnar.

Um ellefu þúsund fengu ofgreiddar bætur. Tryggingastofnun greiddi þeim 4,3 milljarða króna umfram það sem þeir áttu rétt á, að meðaltali tæplega 391 þúsund til hvers einstaklings. Um fimm þúsund manns fengu minni bætur en þeir áttu rétt á, að meðaltali um 340 þúsund hver einstaklingur.

Ástæðurnar fyrir ónákvæmni í útgreiðslum má rekja til áætlana bótaþega, að því er fram kemur í tilkynningu frá TR. Þannig hafi þrír af hverjum fjórum vanáætlað vexti, verðbætur og arðgreiðslur á árinu. Lífeyrisþegar fá næstu daga sendar upplýsingar um uppgjörið. Upplýsingarnar verða aðgengilegar á vef TR eftir klukkan 15 í dag. **- bj**




**OFGREITT** Af 4,3 milljarða króna ofgreiðslum til bótaþega eru 3,3 milljarðar til komnir af því bótaþegar vanáætluðu fjármagnstekjur, samkvæmt uppgjöri TR. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Tölvumúsin leyst af hólmi:

## Stýra tölvunni með höndunum

**TÆKNI** Vísindamenn við Fraunhofer-vísindastofnunina í Þýskalandi vinna að þróun hug- og vélbúnaðar sem koma mun í stað tölvumúsa, snertiskjáa og jafnvel lyklaborða.

Notaðar eru þrívíddarmyndavélar sem nema handahreyfingar. Notandinn getur því gefið tölvunni skipanir án þess að nota mús eða önnur stjórntæki.

Enn á eftir að þróa tæknina áður en hún fer á markað, en hún gæti átt framtíðina fyrir sér í tölvuleikjaiðnaðinum og víðar. **- bj**

Læknir átelur Actavis:

## Segir ódýrum lyfjum skipt út

**HEILBRIGÐISMÁL** Að minnsta kosti 30 lyf hafa horfið úr hillum apóteka á undanförnum árum vegna þess að þau skila ekki nógu miklum arði, að sögn Sveins Rúnars Haukssonar heimilislæknis.

Í grein í blaðinu í dag segir Sveinn Rúnar lyfjafyrirtækið Actavis oft hafa ákveðið einhliða og fyrirvaralaust að hætta að framleiða tiltekin lyf því þau skili ekki nægum arði. Sambærileg lyf komi ekki til landsins fyrr en nokkru síðar og séu þá jafnan talsvert dýrari. Þetta geti valdið vandræðum fyrir sjúklinga. Nýjasta dæmið um þetta séu kíníntöflur, sem gefnar eru við sinadrætti. **- bs /** **sjá síðu 14**



**SVARTSENGI** Þingflokkar stjórnarflokkanna funduðu um Magma-málið í gær. Til greina kemur að setja afturvirk lög sem myndu ógilda söluna á HS orku til Magma Energy. Forstjóri Magma á Íslandi segir félagið munu krefjast skaðabóta verði samningum rift.

# Flýta lagasetningu um orkufyrirtæki

**Kaup Magma á HS orku munu flýta fyrir lagasetningu um orkufyrirtæki sem mun að líkindum koma fram í haust. Lögin gætu orðið afturvirk og ógilt samninginn. Slíkt myndi nægja til að tryggja frið um stjórnarsamstarfið.**

**STJÓRNMÁL** Lagasetningu um orkufyrirtæki verður að öllum líkindum flýtt, í kjölfar kaupa Magma á HS orku. Ráðherranefnd um efnahagsmál fundaði í gær.

Ráðherrar vildu lítið segja við fjölmiðla að fundi loknum annað en að málið væri til skoðunar og lítil hætta á að stjórnarsamstarfið væri í hættu. Heimildir blaðsins herma að þar hafi verið rætt um að flýta lagasetningu.

Lögin sem um ræðir setja enn frekari hömlur á eignarráð yfir orkufyrirtækjunum. Er sérstaklega horft til Noregs í þeim efnum, en þar á bæ eru mjög strangar reglur um orkufyrirtækin. Reglurnar þar voru afturvirkar og svo gæti einnig farið með íslensku lögin.

Mikill styr hefur staðið um kaupin og hafa þingmenn Vinstri grænna gagnrýnt stjórnina fyrir að hafa ekki komið í veg fyrir þau. Guðfríður Lilja Grétarsdóttir og Atli Gíslason sátu fund ráðherranefndarinnar í gær. Þórunn Sveinbjarnardóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, sat einnig fundinn.

Nefndina skipa þau Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra, Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra og Gylfi Magnússon efnahags- og viðskiptaráðherra, sem sátu fundinn, og Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra og Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra, sem tóku þátt í gegnum síma.

Málið verður til áframhaldandi vinnu hjá stjórnarflokkunum. Alþingi kemur saman á ný 2. september og verður frumvarp að öllum líkindum lagt fram þá. Þingnefndir funda frá 17. til 31. ágúst.

Ásgeir Margeirsson, forstjóri Magma á Íslandi, hefur lýst því yfir að félagið muni krefjast skaðabóta verði stjórnvöld til þess að ógilda samninginn.

Þingflokkar stjórnarflokkanna funduðu um málið í gær og Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra sagði að þeim fundi loknum að til greina kæmi að beita lögum til að rifta sölu á HS orku. **kolbeinn@frettabladid.is**



**SKÓGUR** Göngutúr í skógi eða grasivöxnu svæði hefur góð áhrif á þá sem þjást af stressi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Rannsaka áhrif náttúrunnar:

## Lautartúr dregur úr stressinu

**VÍSINDI** Skógar og önnur græn, náttúruleg svæði geta dregið úr stressi og árásargirnd, bætt skapið og aukið hamingju. Þetta eru niðurstöður finnskra vísindamanna sem rannsakað hafa áhrif náttúrunnar á útkeyrða nútímamenn.

Þetta kemur trúlega fáum á óvart sem nú ferðast um gróin svæði landsins í sumarfríum, en vísindamenn töldu eigi að síður mikilvægt að mæla áhrifin. Náttúran getur þannig haft áhrif á þunglyndi og reiði, auk þess sem dregur úr ofvirkni í börnum þegar þau leika sér í grænu og grónu umhverfi. **- bj**

Danskar þyrlur á varðskipum:

## Hlaupa í skarðið fyrir gæsluna

**LANDHELGISGÆSLAN** Þyrlur af dönsku varðskipunum Triton og Vædderen, sem legið hafa við bryggju í Reykjavíkurhöfn, sinntu tveimur þyrluútköllum um helgina, sem Landhelgisgæslan gat ekki sinnt vegna manneklu.

Aðeins ein áhöfn var á vakt hjá Gæslunni og þegar mannskapurinn var farinn að skerða lögbundinn hvíldartíma var leitað til Dananna, sem brugðust vel við. Triton lét hins vegar úr höfn síðdegis í gær og Vædderen fer væntanlega í dag, þar með verður tveimur björgunarþyrlum færra hér á landi. **- kh**

Leysa til sín eignir Salts:

## Borgaði ekki 5 milljarða skuld

**VIÐSKIPTI Salt Properties, félag í eigu Róberts Wessman, greiddi ekki skuldir sem námu yfir fimm milljörðum króna, en þær voru á gjalddaga í ár. Skilanefndir Landsbankans og Glitnis og Straumur munu væntanlega leysa til sín eignir félagsins.**



RÓBERT WESSMAN

**Salt Properties er í eigu Salt Investments, eignarhaldsfélags Róberts Wessman. Félagið á landareignir í Brasilíu og á Spáni og eignarhluta í fasteignafélögum í Vilníus í Litháen.**

**Árni Harðarson, stjórnarmaður í Salt Properties, staðfestir að afborganir af lánum séu þegar fallnar á gjalddaga og að félagið hafi ekki haft bolmagn til að greiða afborganirnar. - sm**






Verð á kartöflum sveiflukennt miðað við vísitölu neysluverðs:

# Verð alfarið í höndum verslana

**NEYTENDUR** Verð á kartöflum hefur tekið miklum breytingum á síðustu árum og vart haldist stöðugt í einn mánuð í senn. Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofunni hefur vísitala neysluverðs haldist nokkuð jöfn á undanförnum 15 árum, þótt hún hafi hækkað um tæp fimmtíu prósentustig síðan í desember 2007.

Verð á kartöflum fylgir vísitölu neysluverðs upp að einhverju marki, en þó ekki meira en svo að það fer úr 132 krónum á kílóið í maí 2008 upp í 242 krónur á kílóið í ágúst sama ár. Þetta er um 83 prósenta hækkun á tæpum þremur mánuðum.

Bergvin Jóhannsson, kartöflubóndi á Áshóli í Eyjafjarðarsveit og formaður Félags kartöflubænda, segir að sumarmarkaðsverð á kartöflum ráðist algjörlega af framboði og því sé ekki mikið að marka tölurnar yfir þá mánuði. „Uppskeran kemur á markað í júlí og ágúst og álagning í verslunum er það sem ræður verðinu,“ segir Bergvin. „Það skiptir engu máli hvernig verðið er frá bónda. Þessar hækkanir og lækkanir eru allar í höndum verslananna.“ Bergvin segir bændur vera fyrst núna að komast aftur í það verð sem tíðkaðist fyrir um 20 árum. „Það eru auðvitað góðar fréttir fyrir okkur,“ segir hann. **- sv**



www.ellingsen.is

# ÓTRÚLEGT VERÐ
## á síðustu ferðavögnunum

PIPAR\TBWA · SÍA · 101882

Coleman

4 stk. á lager
**CHYENNE fellihýsi**
**2.390.000 kr.**
Verð áður 2.690.000 kr.

| Tæknilýsing | CHEYENNE |
|---|---|
| Lengd kassa | 10 fet |
| Stærð kassa | 310 cm |
| Heildarþyngd | 1360 kg |
| Þyngd óhlaðins vagns | 922 kg |

4 stk. á lager
**SEDONA fellihýsi**
**1.790.000 kr.**
Verð áður 2.190.000 kr.

| Tæknilýsing | SEDONA |
|---|---|
| Lengd kassa | 8 fet |
| Stærð kassa | 248 cm |
| Heildarþyngd | 1090 kg |
| Þyngd óhlaðins vagns | 713 kg |

5 stk. á lager
**MONTANA tjaldvagn**
**790.000 kr.**
Verð áður 960.000 kr.

| Tæknilýsing | Easy Camp Montana |
|---|---|
| Stærð | 3,25 m |
| Hjólabúnaður | 13" dekk, höggdeyfar |
| Grind | Alko, galvaniseruð |
| Eigin þyngd | 325 kg |
| Heildarþyngd | 645 kg |

MONTANA

**SUMAR-MARKAÐUR**
ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR
Sprengfull búð af frábærum tilboðum!

COLEMAN FERÐASTÓLL
5.990
ÁÐUR 8.990

PRIMUS LUGT m. kveikju
3.490
ÁÐUR 6.673

PRIMUS GASLAMPI
2.990
ÁÐUR 11.084

CAMPINGAZ HELLUR
9.990
ÁÐUR 17.990

Fiskislóð 1 • Sími 580 8500
Opið mánud.–föstud. 10–18, laugard. 10–16

**Ellingsen**
*– fullt hús ævintýra*

## GENGIÐ 26.07.2010

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 122,07 | 122,65 |
| Sterlingspund | 189,13 | 190,05 |
| Evra | 157,5 | 158,38 |
| Dönsk króna | 21,13 | 21,254 |
| Norsk króna | 19,65 | 19,766 |
| Sænsk króna | 16,623 | 16,721 |
| Japanskt jen | 1,4002 | 1,4084 |
| SDR | 184,5 | 185,6 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
212,9386

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Deilan virðist snúast um nýtingu á jarðvarma segir þingmaður Sjálfstæðisflokks:

# Segir ríkisstjórnina óstarfhæfa

**STJÓRNMÁL** Ætli stjórnvöld sér að grípa inn í kaup Magma Energy á HS orku getur það bakað ríkinu skaðabótaskyldu. Það setur einnig slæmt fordæmi sem komið getur í veg fyrir fjárfestingar erlendra aðila hér á landi, segir Ragnheiður Elín Árnadóttir, þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins.



RAGNHEIÐUR ELÍN ÁRNADÓTTIR

„Mér finnst eins og menn séu búnir að missa sjónar á því sem verið er að ræða,“ segir Ragnheiður. „Við þurfum bæði innlent og erlent fjármagn, og stjórnvöld geta ekki leyft sér að breyta reglunum afturvirkt.“

Hún bendir á að í þessum málum sé farið eftir nýlegum lögum, sem sett hafi verið árið 2008. Ef deiluefnið sé hvort leigja eigi auðlindina til 65 ára megi ræða það, en svo virðist sem deilan snúist í raun um hvort nýta eigi þessa auðlind eða ekki. Þegar sé búið að tryggja opinbert eignarhald á auðlindinni.

„Ég get tekið undir með Guðfríði Lilju [Grétarsdóttur, þingflokksformanni Vinstri grænna]. Ríkisstjórn sem ekki getur tekið á þessu máli er óstarfhæf,“ segir Ragnheiður.

Spurð hvort boða eigi til kosninga segir hún að stjórnmálaflokkum sem sæti eigi á Alþingi beri skylda til að mynda starfhæfa ríkisstjórn. „Við erum ekki með starfhæfa ríkisstjórn, það hefur sýnt sig í hverju málinu á fætur öðru,“ segir Ragnheiður. - bj

Bruni á Reykjanesi:

# Kveikt í báti á Suðurnesjum

**BRUNI** Eldur kom upp í báti neðan við athafnasvæði Gámaþjónustunnar í Njarðvík í fyrradag. Minnstu munaði að eldurinn næði að teygja sig yfir í annan nærliggjandi bát en bensínstöð ÓB er um hundrað metra frá svæðinu þar sem eldurinn kom upp.

Þegar slökkvilið kom á staðinn, örfáum mínútum eftir að eldurinn blossaði upp, var báturinn alelda og annar bátur sem stóð við hlið hans var orðinn sjóðheitur og byrjað að rjúka úr honum, að því er segir á vef Víkurfrétta. - kh



**MENNINGARHÚSIÐ HOF** Allar sýningar hátíðarinnar fara fram í nýju menningarhúsi Akureyringa. MYND/SUNNA

Leiklistarhátíð á Akureyri:

# Ókeypis á allar sýningar í Hofi

**MENNING** **Fjölþjóðleg leiklistarhátíð verður haldin á Akureyri 10. til 15. ágúst næstkomandi. Bandalag íslenskra leiklistarfélaga skipuleggur hátíðina í samvinnu við norður-evrópska áhugaleikhúsráðið NEATA, Norræna menningarsjóðinn, menntamálaráðuneytið, Akureyrarbæ og Menningarhúsið Hof.**

**Þema hátíðarinnar er Maður – Náttúra og frítt verður á sýningarnar. Hátíðin fer öll fram í Menningarhúsinu Hofi, sem stendur til að taka formlega í notkun 27. ágúst næstkomandi.** - sv

Metaðsókn í Skagafirði:

# Aldrei fleiri í sundlaugunum

**SKAGAFJÖRÐUR** Metaðsókn var í sundlaugar í Skagafirði í júní en um 11.500 manns sóttu þá laugarnar. Á sama tíma í fyrra voru sundlaugargestir í Skagafirði um 5.500.

Aukninguna má að langmestu leyti rekja til nýju sundlaugarinnar á Hofsósi en í júní sóttu um 6.000 manns laugina, að því er fram kemur í dægurmálablaðinu Feyki. Sex sundlaugar eru í Skagafirði, fimm sem sveitarfélagið sjálft rekur en ein sem ferðaþjónustan að Hólum í Hjaltadal rekur. - kh

# Verða að sleppa til að bjarga stofninum

**Hlutfall stórlaxa í ám landsins hefur minnkað stöðugt á undanförnum tuttugu árum. Veiðimálastofnun biðlar til veiðimanna um að sleppa fiskunum til að viðhalda stofninum. Ekki allir veiðimenn sammála aðferðum stofnunarinnar.**

**VEIÐI** Stórlaxi hefur fækkað gífurlega í ám landsins á undanförnum árum. Veiðimálastofnun hvatti veiðimenn til þess að hlífa stórlaxi í byrjun veiðitímabilsins sökum fækkunarinnar, en stofninn er enn í hættu. Fækkunina má rekja til erfiðra aðstæðna á uppeldisslóðum hans í hafinu og hefur þetta ástand varað í tvo áratugi.

Guðni Guðbergsson, fiskifræðingur og sviðsstjóri hjá Veiðimálastofnun, segir að fyrir 1980 hafi hlutfall stórlaxa í ám landsins verið svipað og þeirra sem dvöldu eitt ár í sjó.

„1979 var mjög kalt ár og laxastofninn á Íslandi tók mikið bakslag,“ segir Guðni. „Eftir 1985 tóku árnar við sér aftur og dánartala í sjó lækkaði – en þá fjölgaði eins árs löxum mun meira heldur en hinum.“

Veiðimálastofnun hvetur veiðimenn til þess að hlífa stórlöxunum með það að takmarki að auka hlutfall þeirra. Sigurður Guðjónsson, forstjóri Veiðimálastofnunar, segir í tilkynningu á heimasíðu Veiðimálastofnunar að jákvæð viðbrögð veiðimanna við ákallinu hafi ekki látið á sér standa. Þó hafi einhver gagnrýni borist varðandi tilkynningu um minnkandi hlutfall stórlaxa í Blöndu. Þórarinn Sigþórsson, tannlæknir og áhugalaxveiðimaður, er ósammála Veiðimálastofnun og segir nóg af stórlaxi vera í ánni.

„Það eru engir teljarar í Blöndu, svo veiðitölur verður líka að leggja til grundvallar,“ segir Þórarinn. „Það getur ekki verið vitrænt að finna út stofnstærð fiska með hlutfallsreikningi.“

Guðni segir við þessu að málið sé vissulega flókið og erfitt sé að spá fyrir um framtíðina, en staðreyndin sé sú að hlutfall stórlaxa hafi farið minnkandi á undanförnum árum og fari enn.

„Töluleg þróun sýnir fram á að tala stórlaxa gæti verið komin niður í núll í kringum 2020,“ segir hann. „En vissulega eru málin aðeins flóknari en svo.“

Guðni segir veiðihlutfall á stórlöxum vera hærra heldur en hjá þeim minni og það eina sem Veiðimálastofnun geti gert til þess að hafa áhrif á þróunina sé að biðja veiðimenn um að hætta að leggja ofan á náttúrulega dánartölu stórlaxa, sem nú þegar sé of há. sunna@frettabladid.is






**LAX BÍTUR Á** Með stórlaxi er átt við lax sem dvelur tvö ár í sjó. Miðað er við þá sem eru lengri en 70 cm eða þyngri en 3,5 kg. MYND/KRISTÍN EVA




Birgðir af blóði ekki nægar:

# Blóð vantar í Blóðbankann

**HEILBRIGÐISMÁL** **Ekki eru nægjanlegar birgðir til af blóði í O-flokki hjá Blóðbankanum og sérstaklega vantar blóð í flokknum O mínus. Slíkt blóð er notað í bráðatilvikum og slysum. Blóðbankinn hvetur blóðgjafa til að koma og gefa blóð áður en þeir fara í frí. Virkir blóðgjafar eru beðnir um að koma í þessari viku en nýir eru beðnir um að koma síðar.**

**Mikilvægt er að nægjanlegar blóðbirgðir séu til núna í aðdraganda verslunarmannahelgarinnar og verður afgreiðslutími Blóðbankans í þessari viku lengdur til að mæta auknu álagi.**

**Á Íslandi eru tíu þúsund virkir blóðgjafar og er árlega safnað rúmlega 15 þúsund einingum af blóði.**

Furða sig á gengislánadómi:

# Segja lögbrjót fríaðan ábyrgð

**EFNAHAGSMÁL** Hagsmunasamtök heimilanna furða sig á niðurstöðu héraðsdóms á föstudag um að „bæta skuli lögbrjóti upp forsendubrest sem varð til vegna lögbrota hans“.

Samtökin segja dóminn fría lögbrjót frá því að taka ábyrgð á broti sínu og í reynd verðlauna hann, verði dómurinn fordæmisgefandi fyrir gengistryggð húsnæðislán. Dómurinn segi að taka ætti upp vexti Seðlabankans í ólöglegum gengislánum.

„Á lögreglan næst að fylgja ökumanni, sem var tekinn fyrir of hraðan akstur, á forgangsljósum á ákvörðunarstað vegna þess að forsendur ökumannsins til að komast á ákvörðunarstað voru að þurfa að aka vel yfir hraðamörkum?“ spyrja samtökin.






## VEÐURSPÁ



Elísabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður

**DREGUR ÚR VÆTU**
Eftir blautan gærdag þá dregur heldur úr vætu í dag og styttir upp fyrst suðvestanlands en áfram má búast við dálitlli rigningu austan til. Ekki miklar breytingar til morguns en horfur á bjartviðri um sunnan- og vestanvert landið.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 29° |
| Basel | 31° |
| Berlín | 27° |
| Billund | 23° |
| Frankfurt | 24° |
| Friedrichshafen | 20° |
| Gautaborg | 23° |
| Kaupmannahöfn | 23° |
| Las Palmas | 23° |
| London | 26° |
| Mallorca | 25° |
| New York | 32° |
| Orlando | 35° |
| Ósló | 21° |
| París | 27° |
| San Francisco | 18° |
| Stokkhólmur | 23° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is ALMENNAR SÍMI 512-5401: Hendrik Sigurðsson hendrik@frettabladid.is, Guðmundur Steinsson gudmundurs@365.is, Laila Awad laila@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is
ALLT SÍMI 512-5402: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is, Henný Árnadóttir henny@365.is, Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016: Sigríður Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynurs@365.is, Bjarni Þór Sigurðsson bthor@365.is, Benedikt Freyr Jónsson benediktj@365.is
RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is, Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is

# LÁN TIL GÓÐRA VERKA



- Engin lántökugjöld
- 5,75% óverðtryggðir vextir (Vaxtakjör sambærilegra skuldabréfalána eru í dag frá 9,25%)*
- Lánstími allt að fimm ár
- Umsóknarfrestur er til 30. september 2010

ALLIR VINNA
ALLIRVINNA.IS

## Hagstæð framkvæmdalán

Íslandsbanki býður nú viðskiptavinum sínum hagstætt framkvæmdalán til endurbóta eða framkvæmda á fasteignum, lóðum og sumarhúsum. Með þessu viljum við leggja okkar af mörkum til átaksins **Allir vinna** og eiga þátt í að koma hjólum atvinnulífsins af stað.

Lánin eru veitt til einstaklinga með trausta viðskiptasögu og góða greiðslugetu. Hámarksfjárhæð hvers láns er 1,5 milljón króna gegn veði en veitt eru lán án veðs allt að 750.000 kr. að undangengnu mati á greiðslugetu.

Afgreiðsla framkvæmdaláns er gegn framvísun reikninga fyrir vöru- og þjónustukaupum sem tengjast framkvæmdum til 30. september 2010.

Allar nánari upplýsingar fást í útibúum Íslandsbanka eða á www.islandsbanki.is

* Vextir skv. vaxtatöflu Íslandsbanka 1. júlí 2010. Vextir taka mið af kjörvöxtum óverðtryggðra skuldabréfalána en veittur er fastur 2% vaxtafrádráttur frá þeim.

**Allir vinna** er hvatningarátak stjórnvalda og aðila úr atvinnulífinu sem miðar að því að hvetja einstaklinga til að leggja sitt af mörkum til sköpunar atvinnu á Íslandi.

Þeir sem ráðast í framkvæmdir á heimilinu eða í sumarhúsinu eiga rétt á **100% endurgreiðslu** á virðisaukaskatti af vinnulaunum og skattafrádrætti sem getur numið allt að 300.000 kr.

Nánari upplýsingar er að finna á **allirvinna.is**.

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA 10-1230

islandsbanki@islandsbanki.is
www.islandsbanki.is
Sími 440 4000

Íslandsbanki

## KJÖRKASSINN



*Ætlar þú að ferðast um landið um verslunarmannahelgina?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 29,7% |
| NEI | 70,3% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Villt þú að þing verði rofið og boðað til kosninga í haust?*

Segðu þína skoðun á visir.is

vísir

Erlendir fjárfestar að baki nýju félagi sem haslar sér völl á matvörumarkaðnum:

# Ætla að opna fimm matvöruverslanir

**VIÐSKIPTI** Ný verslunarkeðja ætlar sér að opna fimm matvöruverslanir á höfuðborgarsvæðinu á næstunni. Auglýst var eftir húsnæði í helgarblaði Fréttablaðsins og herma heimildir blaðsins að viðbrögðin hafi verið góð.

Heimildarmaður blaðsins, sem tengist félagi sem undirbýr stofnun matvöruverslananna, segir að með því að auglýsa eftir um 2.000 fermetra húsnæði á fimm stöðum á höfuðborgarsvæðinu sé nýtt skref í átt að því að opna verslanirnar stigið. Erfitt sé að segja fyrir um hvenær þær verði opnaðar, en ef vel gangi geti hlutirnir gerst hratt.



**VERSLAÐ** Verslunarkeðjur í eigu Haga og Kaupáss eru langstærstar á íslenska matvörumarkaðnum en nýjar verslanir munu bætast í flóruna á næstunni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins standa erlendir fjárfestar að baki framtakinu. Fjármögnun virðist vel á veg komin, ef marka má auglýsinguna sem birt var á laugardag, þar sem lofað var tólf mánaða leigu fyrirfram.

Ekkert fékkst uppgefið frá forsvarsmönnum hins nýja félags í gær hvers konar verslanir stæði til að opna. Í auglýsingunni var áhugasömum bent á að senda póst á auglýsingadeild 365 miðla merktum „Betri en Bónus“, og má því búast við að um lágvöruverðsverslanir verði að ræða. - bj

Undirskriftasöfnun Bjarkar:

# Hátt í 15.000 mótmælendur

**ORKUMÁL** Um 14.500 manns hafa skrifað undir áskorun til stjórnvalda á síðunni orkuauðlindir.is um að þau komi í veg fyrir sölu á HS orku til Magma.

Björk Guðmundsdóttir og hinir aðstandendur síðunnar sendu þingmönnum bréf í gær þar sem þremur spurningum var varpað fram um orkuauðlindir Íslendinga og Magma-málið. Voru þeir beðnir um að svara þessum spurningum játandi eða neitandi en svörin, ásamt frekari skýringum eða yfirlýsingum sem kunna að berast, verða birt á síðunni. - sv

Samhjálparverkefni vinsælt:

# Yfir 200 manns í hádegismat

**FÓLK Tvær vikur eru liðnar frá því að samhjálparverkefninu Samherjanum var hleypt af stokkunum og hefur verkefnið gengið vonum framar. Boðið er upp á ókeypis máltíðir í hádeginu í mötuneyti Stýrimannaskólans alla virka daga út júlí og hefur matargestum farið fjölgandi dag frá degi. Fyrsta daginn komu um 70 manns og í kjölfarið hefur talan farið vaxandi, en síðasta föstudag komu um 200 manns í hádegismat.**

**Um 200 sjálfboðaliðar hafa lagt hönd á plóg og fyrirtækin sem standa að verkefninu eru orðin 41 talsins.** - sv



**ERRÓ** Er einn af fimm sem sæmdir verða Riddaraorðu frönsku heiðursfylkingarinnar í ár.

Heiðraður af Frökkum:

# Erró sæmdur riddaraorðu

**MENNING** Listamaðurinn Erró verður sæmdur Riddaraorðu frönsku heiðursfylkingarinnar, æðsta heiðursmerki Frakklands.

Er þetta gert fyrir rúmlega hálfrar aldar framlag Erró til franskra lista og menningar og mun að öllum líkindum Nicolas Sarkozy, Frakklandsforseti, sæma hann orðunni. Erró verður einn af fimm einstaklingum sem fá viðurkenninguna afhenta í ár.

Erró er væntanlegur hingað til lands í september til að vera viðstaddur opnun sýningar sinnar á klippimyndum í Listasafni Reykjavíkur. - sv

# Áhersla á sérstöðu Íslands

**Í aðildarviðræðunum við ESB verður lögð áhersla á sérstöðu Íslands hvað varðar sjávarútveg, landbúnað og byggðaþróun. Viðræðurnar sagðar vera eðlilegt framhald af vestrænni samvinnu lýðræðisríkja.**

**STJÓRNMÁL** Aðildarviðræður Íslands við ESB hefjast formlega á ríkjaráðstefnu í Brussel í dag. Á fundinum verður lögð fram greinargerð um afstöðu ríkisstjórnarinnar til komandi viðræðna. Þar mun ESB einnig leggja fram greinargerð auk þess sem Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra, Stefan Füle, stækkunarstjóri ESB, og Steven Vanackere, utanríkisráðherra Belgíu, taka til máls.

Greinargerðin, sem Fréttablaðið hefur undir höndum, er umfangsmikil. Umsóknin er sett í menningarlegt og sögulegt samhengi auk þess sem helstu áherslur Íslendinga í komandi viðræðum eru settar fram. Stærstur hluti greinargerðarinnar fjallar um sérstöðu Íslendinga hvaða varðar sjávarútveg, landbúnað og byggðaþróun.

Greinargerðin hefst á yfirlýsingu frá ríkisstjórninni sem fagnar einróma niðurstöðu Evrópuráðsins um að hefja viðræðurnar. Umsóknin er sögð eðlilegt framhald af þátttöku Íslands í samvinnu vestrænna lýðræðisríkja.

Í greinargerðinni heitir ríkisstjórnin því að fylgja leiðsögn Alþingis í ferlinu. Það skuli vera opið og gagnsætt og aðkoma allra viðkomandi aðila verði tryggð. Viðræðurnar verði kynntar fyrir Íslendingum á heiðarlegan og opinn hátt til að tryggja heilbrigða umræðu um kosti og galla aðildar. Lokaorðið verði síðan hjá íslensku þjóðinni sem muni kjósa um aðild í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Lögð er þung áhersla á sérstöðu Íslands og tekið fram að lausnir á deilumálum viðræðnanna verði að þjóna hagsmunum beggja aðila. „Ísland yrði minnsta, strjálbýlasta og vestasta aðildarríki ESB. Það er langt frá hinum ríkjunum og glímir við óblíða náttúru. Þessar staðreyndir eru til merkis um sérstöðu Íslands og munu móta viðræðurnar,“ segir í greinargerðinni. Þar segir enn fremur að viðræður um þá hluta löggjafar ESB sem EES-samningurinn nær yfir ættu að vera einfaldar. Íslendingar muni hins vegar færa rök fyrir því að þær sérlausnir sem þegar eru viðurkenndar í EES-samningnum byggi á gildum rökum. Þar er til að mynda um að ræða reglur um fjárfestingu og um orku- og umhverfismál. Einnig þurfi að taka tillit til sjálfbærrar nýtingar Íslendinga á til dæmis hvölum og ákveðnum fuglategundum. Þá skuli eignarréttur og yfirráð yfir orkuauðlindum og vatni eingöngu vera á höndum aðildarríkjanna sjálfra.

Greinargerðinni lýkur á yfirlýsingu þar sem segir að viðræðurnar séu sögulegur atburður í samskiptum Íslands og ESB. Umsóknin færi sönnur á evrópskan arf okkar og staðfestu um að taka þátt í framtíðarþróun Evrópu.

magnusl@frettabladid.is



FP PHOTO FREDRIK PERSSON/SCANPIX

**UMSÓKNIN AFHENT** Fyrir rétt um ári afhenti Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra Carl Bildt, utanríkisráðherra Svíþjóðar, umsókn Íslands um Evrópusambandsaðild.

### Um endurreisn í greinargerðinni

- Þátttaka í innri markaði ESB án aðildar að ESB og evrunni reyndist vera hættuleg samsetning fyrir lítið, opið hagkerfi og var einn þeirra þátta sem ollu íslenska efnahagshruninu. Aðild að ESB og upptaka evru er ein leið til að takast á við það vandamál.
- Ísland vill taka þátt í myntsamstarfi ESB og uppfylla skilyrðin fyrir upptöku evru. Við viljum með sameiginlegu átaki losa gjaldeyrishöftin og styrkja krónuna.
- Aðild að ESB er engin töfralausn á efnahagsvandræðum okkar, þau þurfum við að leysa. Ákvörðun Alþingis um að sækja um fulla aðild að ESB er engu síður nauðsynlegur þáttur í efnahagsbata Íslands og leit að langtímastöðugleika.

### Um sjávarútveg og landbúnað í greinargerðinni

- Þetta er í fyrsta sinn sem ESB á í viðræðum við þjóð hverrar velmegun hvílir jafn mikið á fiskveiðum. Fiskveiðar eru kjarni íslenska hagkerfisins. Nærri helmingur útflutnings eru fiskivörur, fiskveiðar eru mikilvægasti atvinnuvegur sveitarfélaga við strönd landsins og tekjur á mann frá fiskveiðum eru 100 sinnum meiri á Íslandi en að meðaltali í ESB.
- Sjávarútvegur er stór hluti menningar og sögu íslensku þjóðarinnar og við börðumst af harðfylgi fyrir yfirráðum yfir auðlindinni. Ísland hefur byggt upp nútímalegan og samkeppnishæfan fiskiðnað sem byggir á sjálfbærum veiðum og markaðslögmálum.
- Sameiginleg sjávarútvegsstefna ESB var ekki hönnuð með íslenskar aðstæður í huga, rétt eins og ESB hefur viðurkennt að sameiginlega landbúnaðarstefnan var ekki hönnuð með norðlægar aðstæður í huga.
- Tryggja þarf stjórn Íslendinga á nýtingu okkar fiskistofna. Þessu má ná fram með því að skilgreina Ísland sem sérstakt stjórnunarsvæði undir yfirráðum Íslendinga. Einnig þarf að tryggja að reglan um hlutfallslegan stöðugleika standi svo við höldum núverandi hluta af veiðum flökkustofna.
- Auðlindir Íslendinga í sjó verður að nýta Íslendingum til hagsbóta og reglur um fjárfestingu eiga ekki að leiða til þess að farið sé framhjá þessari forsendu. Ísland getur ekki sætt sig við reglur ESB um brottkast.
- Landbúnaður er mikilvægur hluti í menningu Íslendinga.
- Þrátt fyrir erfiðar aðstæður hafa íslenskir bændur alla tíð tryggt fæðuöryggi sem er lykilatriði fyrir öryggi jafn landfræðilega einangraðrar þjóðar.
- Við verðum að geta tryggt fjárhagslega stöðu íslenskra bænda, fjölskyldna þeirra og brothættra sveitasamfélaga. Það verður að tryggja að aðild stefni ekki heilum geira í hættu.


# Áskriftarsjóður ríkisverðbréfa

*Góður ávöxtunarkostur – einnig í áskrift*

Við öflum fyrir þig



10,46%

ÁRLEG MEÐALÁVÖXTUN*

100% RÍKISTRYGGING

*Hafðu samband við ráðgjafa okkar í síma 460 4700 eða kynntu þér málið á www.iv.is*

50% afsláttur af söluþóknun til 31. ágúst 2010

ÍSLENSK VERÐBRÉF

Þar sem þínir hagsmunir ráða ferðinni

Strandgata 3 600 Akureyri | Sigtún 42 105 Reykjavík
Sími: 460 4700 | www.iv.is | iv@iv.is

*Árleg meðalávöxtun frá 15.01.2001 til 30.06.2010. Ávöxtun í fortíð er ekki ávísun á ávöxtun í framtíð.

Áskriftarsjóður ríkisverðbréfa er verðbréfasjóður skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag verðbréfasjóða ÍV hf. er rekstrarfélag sjóðsins. Útboðslýsingu og nánari upplýsingar er hægt að nálgast á heimasíðu www.iv.is. Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér útboðslýsingu sjóðsins og þá sérstaklega umfjöllun um áhættuþætti.

# SUMAR ÚTSALA

6 mánaða vaxtalausar greiðslur

## Gerið gæða- og verðsamanburð

**20-50%**
**AFSLÁTTUR**

Lök, hlífðardýnur, sængurverasett, heilsukoddar, viðhaldskoddar, íslenskir PU leðurgaflar, náttborð, útlitsgallaðar dýnur og fleira.

**SVEFNSÓFAR**



Hágæða svefnsófi. Íslensk framleiðsla.
Heilsudýna úr þrýstijöfnunarefni.
Svefnflötur 140x200.
Nú aðeins kr. **264.900**



NÝTT

**BOAS**
**Leður hægindastóll**
**79.900**
Nokkrir litir

**Lyftu hægindastóll**
**129.900**

Ný sending

**SAGA OG ÞÓR**
Hágæða heilsudýnur



SAGA Queen rúm, nú aðeins **129.900**
ÞÓR Queen rúm, nú aðeins **149.900**

**IQ-CARE**
Ein besta heilsudýna í heimi



**Queen rúm nú aðeins kr. 179.900**

**VALHÖLL/FREYJA**
Góð rúm á frábæru verði

Ný sending



Queen rúm, nú aðeins kr. **99.900**



NÝTT

**BOAS**
**Leður hægindasófi 3 sæta**
**verð frá 149.900**
**Svefnsófi verð frá 149.900**

**ÚRVAL STILLANLEGRA HEILSURÚMA**



**PROFLEX**

2x90x200 og 2x90x210
Nú aðeins **349.900** með okkar bestu
IQ-CARE heilsudýnum

**GERUM TILBOÐ FYRIR HÓTEL OG GISTIHEIMILI**

Íslenskir PU leðurbotnar og gaflar. Íslensk framleiðsla.

**Gerið gæða- og verðsamanburð**




**Svefn & heilsa**
★★★★★




www.svefn.is

**Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150**
**Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00**

Stjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins vill stækka sjóðinn í 1.000 milljarða dollara:

# Þreföldun orðið á útlánum AGS

**EFNAHAGSMÁL** Stjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) vill stækka útlánagetu sjóðsins í 1.000 milljarða dollara eða rúmlega 122 þúsund milljarða króna.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur staðið í ströngu síðan fjármálakreppan skall á fyrir rúmum tveimur árum. Hann aðstoðar nú fjölmörg ríki víða um heiminn, þar á meðal Ísland.

Frá ársbyrjun 2009 hefur útlánageta sjóðsins verið þrefölduð og nemur nú 750 milljörðum dollara. Stjórn sjóðsins telur sig þurfa meira fé og vill því auka útlánagetuna upp í 1.000 milljarða dollara.

Samkvæmt frétt um málið á vefsíðunni business.dk verður beiðni sjóðsins tekin til umræðu á næsta fundi G20-landanna í nóvember.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn fær fjármagn með þrennum hætti. Sjóðurinn fær vexti af lánum sínum til ríkja í vandræðum, fjárframlög frá eigendum sínum sem eru 186 ríki í heiminum og sjóðurinn á einn stærsta gullforða heimsins en hann nemur nú um 3.000 tonnum. Sjóðurinn hefur þegar sett 400 tonn af gullforða sínum til sölu.




**ALÞJÓÐAGJALDEYRISSJÓÐURINN** Efnahagskreppan hefur látið til sín taka svo stjórn AGS telur að stækka þurfi sjóðinn. MYND/ÚR SAFNI




**DAGBLÖÐIN** Forstöðumaður Ríkiskaupa segir að í haust ætli stofnunin að draga almennt úr auglýsingum í prentmiðlum og auglýsa frekar á Netinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Ríkiskaup láta hefð ráða frekar en lestur

**Ýmsar opinberar stofnanir birta meirihluta auglýsinga sinna í Morgunblaðinu, þrátt fyrir að Fréttablaðið sé margfalt meira lesið. Markaðurinn er íhaldssamur og auglýst er í miðlum í ljósi sögu og hefða, segir forstöðumaður Ríkiskaupa.**

**FJÖLMIÐLAR** Mikill meirihluti dagblaðaauglýsinga frá mörgum opinberum stofnunum birtist í Morgunblaðinu. Má þar nefna Sinfóníuhljómsveit Íslands, Íbúðalánasjóð og Ríkiskaup.

Fréttablaðið mælist 180 prósenta meiri lestur en Morgunblaðið á höfuðborgarsvæðinu. 77,5 prósent fólks á aldrinum 18 til 49 ára lesa Fréttablaðið á meðan Morgunblaðið er með 27,7 prósenta hlutfall.

Ríkiskaup er opinber stofnun sem heyrir undir fjármálaráðuneytið og sér um innkaup og útboð stofnana sem reknar eru fyrir reikning ríkissjóðs. Stofnunin birtir 82 prósent af prentuðum auglýsingum sínum í Morgunblaðinu.

Guðmundur Hannesson, forstöðumaður Ríkiskaupa, segir sögulegar ástæður liggja að baki.

„Við vorum byrjuð að auglýsa í Morgunblaðinu áður en Fréttablaðið varð til. Við höfum verið að bögglast með þetta í gegnum tíðina – við sjáum alveg lesturinn í Fréttablaðinu," segir hann. „Við vinnum á mjög íhaldssömum markaði og það er ákveðinn vettvangur að okkar mati." Guðmundur segir bjóðendahóp Ríkiskaupa eiga að geta gengið að útboðsauglýsingum vísum í Sunnudagsmogganum, eins og hefð hefur verið fyrir, en málin muni taka breytingum með haustinu.

„Við ætlum að færa okkur inn á vefinn og draga almennt úr prentuðum auglýsingum. Ef við viljum tryggja útbreiðslu útboða þá auglýsum við í Fréttablaðinu og þeir sem við vinnum fyrir vilja það líka frekar," segir Guðmundur. „Maður myndi halda að fyrirtæki ættu að setja auglýsingarnar sínar þar sem þær eru mest lesnar, en við erum íhaldssöm stofnun."

Íbúðalánasjóður birtir 66 prósent sinna auglýsinga í Morgunblaðinu og segir Ásta H. Bragadóttir, starfandi framkvæmdastjóri, segir engar ástæður liggja að baki mismuninum.

„Við erum ekki með neina yfirlýsta stefnu í þessum málum. Ég veit ekki betur en þetta eigi að vera jöfn dreifing," segir hún.

Þórdís Sigurþórsdóttir hjá auglýsinga- og markaðsmáladeild Íbúðalánasjóðs segir Morgunblaðið hringja meira út og bjóða auglýsingar á síðustu stundu og að það sé megin ástæða hlutfalls birtinganna. **sunna@frettabladid.is**

### Hlutfall birtra auglýsinga nokkurra opinberra aðila

| Auglýsandi | Fréttablaðið | Morgunblaðið |
|---|---|---|
| Sinfóníuhljómsveit Íslands | 20% | 80% |
| Íbúðalánasjóður | 34% | 66% |
| Ríkiskaup | 18% | 82% |
| Ríkisskattstjóri | 46% | 54% |

### Hlutföll jafnast út með hækkandi aldri

Fréttablaðið hefur í kringum 180 prósenta meiri lestur en Morgunblaðið. Fréttablaðið er með 77,5 prósenta lestur meðal fólks á aldrinum 18 til 49 ára á meðan Morgunblaðið er með 27,7 prósent. Hlutföllin jafnast út eftir því sem aldurstalan hækkar, en 70 prósent fólks á aldrinum 60 til 80 ára lesa Morgunblaðið á meðan 78 prósent lesa Fréttablaðið.

THULE SWEDEN
Stilling 55 ára
25% afmælis-afsláttur
á Thule ferðaboxum
Ath. Takmarkað magn



Stilling hf. · Sími 520 8000
www.stilling.is · stilling@stilling.is
Stilling

Max1 er 10 ára
Bremsuþjónusta
Afmælistilboð
Fáðu 20% afslátt af bremsuviðgerðum, varahlutum og vinnu, í dag!



Sparaðu, láttu athuga bremsurnar hjá Max1
Höldum saman uppá 10 ára afmæli Max1
Skipti á bremsuklossum að framan - verðdæmi:
Toyota Yaris 1,3i árg. ´02-´09
Varahlutir og vinna: 14.498 kr. (fullt verð)
Afmælistilboð: 11.598 kr.
VW Golf V Plus 1,4i árg. ´05-´09
Varahlutir og vinna: 17.459 kr. (fullt verð)
Afmælistilboð: 13.967 kr.
Ford Focus 1,6i árg. ´99-´04
Varahlutir og vinna: 17.406 kr. (fullt verð)
Afmælistilboð: 13.925 kr.
Tilboð gildir til 31.08.2010
Vara þessa tilboðs er eftirmarkaðsvara (non-OEM/ekki original)
Engar tímapantanir - komdu bara!
Spurðu um hvað við getum gert meira fyrir þig og öryggi þitt. Komdu á Max1 í dag.
Nýttu þér betri þjónustu á Max1
• Max1 Smurþjónusta
• Max1 Hjólbarðaþjónusta
• Max1 Demparaþjónusta
• Max1 Rafgeymaþjónusta
• Max1 Bremsuþjónusta
• Max1 Peruskipti
• Max1 Rúðuvökvaþjónusta
• Max1 Þurrkublaðaþjónusta
• Max1 Þrifþjónusta
Reykjavík: Bíldshöfði 5a og 8, Jafnasel 6, Knarrarvogur 2, sími 515 7190.
Hafnarfjörður: Dalshraun 5, sími 515 7190.
Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050.
MAX1 BÍLAVAKTIN
Við erum góðir í að gera hlutina fljótt og vel og ódýrt – skoðaðu: www.max1.is

Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 90 stöðum um land allt.
Nánari upplýsingar á visir.is/dreifing




Allt sem þú þarft…

Minningarár Jóns Sigurðssonar 200
Samkeppni um minjagripi og handverk. Vertu með!
Samkeppnisreglur og upplýsingar: www.jonsigurdsson.is
ÍSLENSKA/SIA.IS/ISL 50728 06/10



# Fjögur ár ein tölva

Intel CORE i3 inside
Faster. Smarter.
Processor Rating

**Inspiron N5010**
Intel® Core™ i3-330M Processor
2.13GHz, 800/1333MHz, 3MB SmartCache
Mobile Intel 5 express HM57 kubbasett
4GB 1333MHz DDR3 vinnsluminni (1x2048 + 1x1024)
15.6 HD WLED TrueLife skjár (1366x768)
Innbyggð 1.3MP vefmyndavél & hljóðnemi
Intel HD skjástýring
250GB 5.400rpm harður diskur




Dell Inspiron fartölvur á skólatilboði

VERÐ
**109.900 kr. – 169.900 kr.**

**Þriggja ára ábyrgð**

**Bjóðum upp á 6 mánaða vaxtalaus lán**

Allar upplýsingar birtar með fyrirvara um prentvillur og ófyrirsjáanlegar breytingar. Öll tilboð gilda á meðan birgðir endast.

Intel, the Intel Logo, Intel Inside, Intel Core, and Core Inside are trademarks of Intel Corporation in the U.S. and other countries. For more information about the Intel processor feature rating, please refer to www.intel.com/go/rating.



## Dell fartölvubakpoki

5 dot curve fartölvubakpoki sem hentar fartölvum með allt að 16" skjá.

VERÐ
**9.850 kr.**



## Dell þráðlaus mús

3ja hnappa þráðlaus fartölvumús með háglans áferð og nanó móttakara.

VERÐ
**5.450 kr.**



## Dell ferðahátalarar

Flott hátalarastöng sem hentar vel með fartölvum.

VERÐ
**8.950 kr.**



## Kingston USB minnislyklar

Nettur og litríkur minnislykill (svartur, blár, rauður og fjólublár) sem fæst í 4 GB, 8 GB, 16 GB og 32 GB.

VERÐ frá
**2.450 kr.**



## Internet Security PRO 2010

Alhliða vírusvörn fyrir tölvur. 3ja ára leyfi fyrir allt að þrjár tölvur.

VERÐ
**5.950 kr.**



## Office Home and Student 2010

Inniheldur Word, Excel, PowerPoint og One Note. Leyfi fyrir þrjár tölvur.

VERÐ
**19.950 kr.**

# Það er til lausn á öllu

www.ejs.is ▶ Grensásvegi 10, Reykjavík ▶ Sími 563 3000 ▶ Tryggvabraut 10, Akureyri ▶ Sími 463 3000

Fylgstu með okkur á facebook.com/ejsehf

EJS 1939 70 2009

JONSSON & LE'MACKS · jl.is · 1414

**FRÉTTASKÝRING:** Hvað segja skjölin á Wikileaks um stríðið í Afganistan?

# Skeytingarleysi um líf almennings

**WikiLeaks birti um helgina yfir 90 þúsund leyniskjöl frá her bandamanna í Afganistan. Stærsti leki í sögu bandaríska hersins. Skjölin sýna skeytingarleysi gagnvart óbreyttum borgurum. Fjölda alvarlegra tilvika hefur verið haldið leyndum fyrir fjölmiðlum.**

„Skjölin sýna hið sanna eðli þessa stríðs og almenningur í Afganistan og öðrum löndum getur séð hvað er í raun og veru á seyði og gripið til aðgerða til að taka á vandanum.“ Þetta sagði Julian Assange, stofnandi WikiLeaks, í samtali við breska blaðið The Guardian. Skjölin sem hann vísar til voru yfir 90 þúsund skjöl frá innrásarliðinu í Afganistan sem birt voru á upplýsingasíðunni um helgina.

Í skjölunum er gangur stríðsins í Afganistan rakinn, árás fyrir árás, frá árinu 2004 til ársins 2009. Sum þeirra tilvika sem þar eru tíunduð voru þekkt, en oftar en ekki hafði herinn lagt fram rangar upplýsingar um eðli þeirra. Fjölda tilvika var síðan haldið leyndum, oft þegar fjöldi óbreyttra borgara lá í valnum.

**90**
þúsund leyniskjöl frá her bandamanna í Afganistan hafa verið birt á vefsíðunni Wikileaks.

### Leynidauðasveitir

Meðal þess sem lesa má úr skjölunum er tilvist sérsveitar (Task Force) 373, svörtu sveitarinnar. Hana skipa hermenn úr úrvalssveitum Natóliðsins og þeirra hlutverk er að elta uppi menn og handtaka eða taka af lífi án dóms og laga. Sveitin starfar eftir lista (e. the joint priotorised effect list) með yfir 2.000 nöfnum manna sem sagðir eru háttsettir talibanar eða al Kaída-liðar.

Um 200 manns á listanum voru í haldi í Bagram, en í fjölda tilvika hefur sveitin einfaldlega tekið viðkomandi af lífi þar sem þeir fundust. Mörg tilvik sýna að óbreyttir borgarar hafa fallið í slíkum árásum; menn, konur og börn.

Eitt tilvik, í júní 2007, sýnir vel vinnubrögð sveitarinnar. Hún var á leið að handtaka eða drepa Qarl Ur-Rahman, liðsforingja talibana, nærri Jalalabad. Þegar þeir nálguðust skotmarkið lýsti einhver með kastara í átt að sveitinni. Skotbardagi hófst og sveitin kallaði eftir aðstoð og sprengjunum rigndi yfir svæðið.

Eftir á kom í ljós að dauðasveitin hafði rekist á afganska lögreglumenn í eftirlitsferð, drepið sjö þeirra og sært fjóra.

Ljóst er að aftaka án dóms og laga og varðhald um langa hríð án ákæru stangast á við alþjóðalög. Fulltrúi Sameinuðu þjóðanna í mannréttindamálum, Philip Alston, rannsakaði orðróm um dauðasveitir í Afganistan í maí 2008. Hann gagnrýndi upplýsingaleysi innrásarliðsins og sagði að Afganar sem reyndu að komast að afdrifum ástvina sinna kæmu oftast að tómum kofunum þar.



**LEITAÐ Á ÞORPSBÚA** Bandarískur hermaður leitar á heimamanni, hvort hann feli eitthvað sem er hermanninum hættulegt. Yfir 100 tilvik eru skráð í skjölunum þar sem taugatrekktir hermenn hafa skotið á óbreytta borgara sem hafa ekki sýnt nægilega lipurð við slíkar aðstæður. Stundum er tungumálatregðu um að kenna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

### Skjóta fyrst, spyrja svo

Fréttir hafa borist af tilvikum þar sem óbreyttir borgarar hafa látið lífið í loftárásum Natóliða. Upp og ofan er hvort slíkt hefur fengist staðfest og þegar það hefur gerst er ítrekað að um einangruð tilfelli mistaka sé að ræða.

Skjölin sýna, svo ekki verður um villst, að innrásarliðið heldur ekki í heiðri þá reglu að kanna hver viðkomandi er áður en hleypt er af byssu. Oftar en ekki virðast menn skjóta fyrst og spyrja svo.

Þannig eru tiltekin tvö tilvik um árás á rútu, Frakkar skutu á rútu fulla af börnum og særðu fjölda þeirra og Bandaríkjamenn

ENNEMM / SÍA / NM42595




HUAWEI U1251
Ódýrasti 3G síminn með öllu sem þú þarft. Styður m.a. 3G langdrægt kerfi.
Símalán - útborgun: 0 kr.
Eftirstöðvum dreift á allt að 12 mánuði.*
1.000 kr. inneign á mán. í 12 mán. fylgir.
Staðgreitt: 13.900 kr.




LG VIEWTY
Frábær 3G sími með stórum snertiskjá, flottri 5MP myndavél, tónlistarspilara og FM útvarpi.
Símalán - útborgun: 0 kr.
Eftirstöðvum dreift á allt að 12 mánuði.*
1.000 kr. inneign á mán. í 12 mán. fylgir.
Staðgreitt: 24.000 kr.

* Ef greitt er með kreditkorti er hægt að dreifa eftirstöðvunum vaxtalaust á allt að 12 mánuði. Greiðslugjald er 250 kr./mán.

## Hvað er að finna í skjölunum?

- Upplýsingar um 144 árásir innrásarliðsins á óbreytta borgara. Staðfest að 195 borgarar hafa verið myrtir og 174 særðir.
- Upplýsingar um tilvist leynidauðasveitar sem hefur það verkefni að taka leiðtoga talibana af lífi án dóms og laga.
- Upplýsingar um ríkari notkun innrásarliðsins á fjarstýrðum árásarflugvélum (e. Reaper) í loftárásum. Þeim er stýrt frá miðstöð í Nevada.
- Upplýsingar um leynilega skýrslu bandaríska hersins um að Pakistanar þjálfi, fjármagni og vopnbúi talibana í Afganistan.
- Upplýsingar um að Bandaríkin hafa leynt því að talibanar hafa komið sér upp Stinger-flaugum sem nota má til að skjóta á loftför frá jörðu niðri.
- Upplýsingar um að gríðarleg aukning hafi orðið í sprengjuárásum talibana við vegarkanta. Alls hafa yfir 2.000 óbreyttir borgarar fallið í slíkum árásum frá innrás Nató.

drápu fimmtán óbreytta borgara þegar þeir réðust á farþegarútu. Þá er sagt frá árás pólsks herliðs á þorp þar sem brúðkaupsveisla fór fram. Svo virðist sem um hefndarárás hafi verið að ræða og í valnum lágu sex manns, þar með talið ófrísk kona. Pólverjarnir voru sendir heim og einhverjir dregnir fyrir rétt, en vegna mótmæla frá hernum hefur lítið orðið úr þeim réttarhöldum.

Alls eru staðfest 144 tilvik þar sem óbreyttir borgarar hafa orðið fyrir árásum. Slíkar árásir eru nefndar blátt á hvítt (e. blue on white) í skjölunum. Staðfest tala látinna, samkvæmt skjölunum, er 195 og 174 særðir. Mannréttindasamtök bera þó brigður á þessar tölur og telja þær vera mun hærri.

### Taugatrekktir hermenn

Yfir 100 tilvik eru skráð um árásir á óbreytta borgara þar sem stress og óöryggi hermannanna virðist ráða för. Slíkar árásir eiga sér stað við vegatálma, herstöðvar og þegar liðshreyfingar eiga sér stað. Þá eru hermennirnir sérstaklega taugatrekktir og stjórnendur bifreiða og mótorhjóla sem hafa ekki hlýtt umsvifalaust hafa verið skotnir niður.

Venjan er að slíkar árásir séu flokkaðar sem tilvik þar sem valdbeiting hefur stigmagnast og hermenn eru sagðir hafa farið í einu og öllu eftir bókinni um hvernig eigi að hegða sér gagnvart ógnandi farartæki.

The Guardian segir að samkvæmt reglum breska og bandaríska hersins eigi að veifa, skjóta blysum á loft, viðvörunarskotum og skjóta í vél farartækja áður en gripið er til alvarlegra ofbeldis. Raunin sé sú að óeðlilega stór hluti viðvörunarskotanna hafi dauða í för með sér, sem bendi til að hermennirnir skjóti strax til að drepa.

## Breytt stefna Bandaríkjamanna?


BARACK OBAMA


JOHN KERRY

Birting WikiLeaks er mesti leki í hernaðarsögu Bandaríkjanna. Julian Assange, stofnandi síðunnar, líkti honum við það þegar um 10 þúsund skjölum um hernað Bandaríkjanna í Víetnam var lekið snemma á áttunda áratugnum. Umfangið nú er mun meira og skjölin er að finna á Netinu, öllum til skoðunar.

Fulltrúar Hvíta hússins brugðust ókvæða við birtingu skjalanna og þjóðaröryggisráðgjafi Obama, Jim Jones hershöfðingi, sagði hana „ógna lífi Bandaríkjamanna og bandamanna þeirra“.

Stjórn Obama hefur síðan lagt áherslu á að á tímabilinu sem um ræðir, 2004 til 2009, hafi George W. Bush verið forseti og skjölin sýni vanhæfi stjórnar hans til að takast á við verkefnið. Jones benti í yfirlýsingu á að öll skjölin væru frá því áður en Obama tilkynnti um breytta stefnu Bandaríkjamanna í Afganistan.

Gagnrýnendur eru þó efins um þá stefnu og birting skjalanna hefur ýtt undir þær raddir sem vilja frekari breytingar. John Kerry, formaður utanríkismálanefndar þingsins og fyrrum forsetaframbjóðandi, sendi frá sér yfirlýsingu í gær þar sem hann kallaði eftir því að birting skjalanna yrði notuð til góðs.

„Þrátt fyrir að skjölin hafi verið birt eftir ólöglegum leiðum vekja þau alvarlegar spurningar um stefnu Bandaríkjanna gagnvart Pakistan og Afganistan. Stefnan er á viðkvæmu stigi og skjölin gætu undirstrikað hve mikið er í húfi og stuðlað að úrbótum fyrr en ella.“

Selatalning í innanverðum Húnaflóa:

# Sáu ríflega þúsund seli


**SELUR** Selatalningin fer fram í lok júlí þar sem mestar líkur eru á að selir liggi uppi í fjöru þegar veður er gott.

**NÁTTÚRA** Selasetur Íslands stóð fyrir selatalningu í innanverðum Húnaflóa á sunnudaginn. Alls sáust 1.054 selir samanborið við 1.019 í fyrra.

Alls tóku 30 manns þátt í talningunni, þar af 25 sjálfboðaliðar. Flestir fóru fótgangandi en einhverjir fóru ríðandi. Auk þess voru nokkrir um borð í selaskoðunarbátnum Brimli en þeir töldu seli við innanverðan Miðfjörð.

Talningin tók um tvo tíma en byrjað var að telja tveimur tímum fyrir háfjöru. Áhersla er lögð á að telja öll svæði á sama tíma til að koma í veg fyrir tvítalningu. **– th**


**KOLKRABBINN** Snekkjan er engin smásmíði, 126 metra löng, mun stærri en togarar íslenska flotans. MYND/ÚR SAFNI

Einn stofnenda Microsoft á leið til Íslands:

# Ofursnekkja væntanleg fyrir helgi

**FÓLK** Glæsisnekkjan Octopus, eða Kolkrabbinn, er lögð af stað áleiðis til Íslands og er væntanleg til Reykjavíkur á föstudag.

Octopus er 126 metra löng, eða 50 til 60 metrum lengri en stærstu togarar íslenska flotans, enda er hún níunda stærsta ofursnekkja veraldar, sem ekki er í eigu þjóðhöfðingja eða þjóða. Tvær þyrlur eru um borð og tveir litlir kafbátar.

Eigandi skipsins er Paul Allen, annar stofnenda Microsoft. Ekki liggur fyrir hvað ferðalangarnir ætla að skoða í háloftunum, á legi og í djúpinu, þegar hingað kemur.





Farðu á netið í glænýjum 3G síma

Facebook, YouTube, Google, tölvupóstur og fréttamiðlarnir fylgja þér á ferðalaginu í gegnum stærsta 3G dreifikerfi landsins.

800 7000 • siminn.is

Það er Síminn

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Mikilvæg birting skjala á WikiLeaks:

## Óbreyttir borgarar sallaðir niður

Birting þeirra upplýsinga sem finna má í 90 þúsund leyniskjölum um stríðsrekstur Bandaríkjamanna í Afganistan og birtar voru á WikiLeaks nú um helgina er mikilvæg. Í skjölunum má sjá svart á hvítu að í Afganistan fara Bandaríkjamenn og bandalagsþjóðir þeirra fram með virðingarleysi gagnvart lífi og limum óbreyttra borgara. Þeir eru miskunnarlaust drepnir, í sumum tilvikum vegna óöryggis hermanna í aðstæðunum.

SKOÐUN



Steinunn Stefánsdóttir
steinunn@frettabladid.is

Í skjölunum er bæði greint frá alvarlegum atburðum sem tekist hefur að halda leyndum fyrir fjölmiðlum og atburðum þar sem villt hefur verið um fyrir umheiminum með því að birta rangar upplýsingar um þá atburði sem áttu sér stað.

Í skjölunum eru staðfestar 144 árásir á óbreytta borgara á því tímabili sem þau taka til, frá árinu 2004 til ársins 2009. Staðfest tala fallinna almennra borgara í þessum árásum er 195 og nærri jafnmargir hafa særst samkvæmt skjölunum. Þarna er þó einungis um staðfest tilvik að ræða og mannréttindasamtök telja að tala látinna og særðra sé mun hærri í raun. Svo virðist sem óöryggi hermanna sé oft um að kenna þegar árásir á almenna borgara eru annars vegar. Til dæmis þegar ökumenn bifreiða og mótorhjóla hlýða ekki umsvifalaust fyrirskipunum og eru fyrir bragðið skotnir niður.

Í skjölunum er einnig staðfest tilvist leynidauðasveita sem hafa það hlutverk að elta uppi tilekna menn, talibana og al-Kaída liða, og taka þá af lífi án dóms og laga. Í mörgum tilvikum hafa svo óbreyttir borgarar fallið í þessum árásum. Sömuleiðis er þar greint frá gríðarlegu falli óbreyttra borgara í síauknum sprengjuárásum talibana við vegarkanta en alls hafa meira en 2.000 óbreyttir borgarar fallið í slíkum árásum frá innrás Nató í Afganistan.

Viðbrögð við lekanum úr Hvíta húsinu þurfa ekki að koma á óvart. Þar er brugðist ókvæða við og þjóðaröryggisráðgjafi Baracks Obama segir lekann ógna lífi, ekki bara Bandaríkjamanna heldur einnig bandamanna þeirra. Það sem stendur upp úr er þó að í skjölunum er staðfest að Bandaríkjamenn og bandamenn þeirra ógna einmitt lífi óbreyttra borgara í Afganistan.

Upplýsingarnar úr leyniskjölunum 90 þúsund eru mikilvæg staðfesting þess sem hernaðarandstæðingar um allan heim hafa haldið fram, að staða almennings í Afganistan sé síst betri nú en hún var fyrir innrásina. Það er alvarlegasta staðreyndin. Hins er þó einnig hollt að minnast að auk þess mannfalls og líkamlegs og andlegs heilsutjóns sem innrásin hefur valdið heimamönnum í Afganistan þá hefur fjöldi ungs fólks úr innrásarliðunum fallið í stríðinu þar. Auk þess er ljóst að það unga fólk sem þangað er sent til hernaðarstarfa mun heldur aldrei verða samt á eftir. Birting leyniskjalanna á WikiLeaks er þannig ekki síst áminning um það að í stríði eru allir dæmdir til að tapa.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Ólafur Þ. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




Oddi – umhverfisvottuð prentsmiðja. Höfðabakka 7, 110 Reykjavík, sími 515 5000, www.oddi.is

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Harkaleg framganga

„Avant herjar á aldraða móður“ stóð í fyrirsögn á vefsíðu DV í gær. Þar var rætt við mann sem sagði ekki farir sínar sléttar í samskiptum við lánafyrirtækið Avant. Maðurinn tók bílalán hjá Avant. Honum blöskraði hins vegar hækkunin á láninu svo mikið að hann ákvað að hætta að greiða af láninu og reyna að semja um eftirstöðvarnar. Á það féllst Avant ekki og hefur nú gert fjárnámskröfu á hendur aldraðri móður hans, sem var ábyrgðarmaður á láninu.



### Ábyrgðartilfinning

Frásagnir af framferði lánafyrirtækja við innheimtu skulda eru margar hverjar ljótar og ekki að undra að sumum þyki nóg komið. Vilji menn hins vegar taka slaginn við lánafyrirtæki og hætta að borga, ættu þeir þá ekki að gera það á eigin ábyrgð, frekar en aldraðra mæðra sinna?

### Tveir kostir

Björn Valur Gíslason, þingmaður Vinstri grænna, sagði í samtali við mbl.is í gær að ríkisstjórnin væri í þröngri stöðu. Hann bætti við að þeir þingmenn VG sem segjast ekki munu styðja stjórnina nema Magma-samningnum verði rift gætu þurft að standa við það eða skipta um skoðun. Blasir það ekki við? Gallinn er sá, að ef viðkomandi þingmenn skipta um skoðun og ákveða að styðja ríkisstjórnina þrátt fyrir að samningunum verði ekki rift, verða orð þeirra eftirleiðis ekki beinlínis talin dýr.

bergsteinn@frettabladid.is



HALLDÓR




## Það var gert, Bergsteinn

Magma-málið



Ögmundur Jónasson
alþingismaður

Bergsteinn sendir okkur sem viljum stöðva Magma-innrásina tóninn í Fréttablaðinu og segir það góðra gjalda vert að standa á sínu „en hefði ekki verið ábyrgara af þessum þingmönnum að berja í borðið áður en samningurinn var gerður…“ En það var gert, Bergsteinn. Auðvitað hefur hnefinn margoft verið settur í borðið þótt menn virðist fyrst skilja alvöruna þegar þingflokksformaður VG segir að líf ríkisstjórnarinnar kunni að vera í húfi.

Hvað sjálfan mig varðar vil ég segja þetta: Þegar ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknar ákvað að selja hlut ríkisins í HS orku í mars 2007 lagðist ég mjög eindregið gegn því opinberlega. Benti ég á hve illa það hefði „reynst skattborgurum og neytendum að einkavæða grunnþjónustu“. Þessa afstöðu ítrekaði ég þegar gengið var frá sölunni eftir að ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar tók við síðar um vorið. Fyrr og síðar andmælti ég þessari einkavæðingu og annarri á grunnþjónustunni. Það hafa Vinstri græn líka gert. Afdráttarlaus krafa var sett fram á flokksráðsfundi í ágúst í fyrra um að stöðva einkavæðingu HS orku og aftur var þessi krafa ítrekuð nú í júní. Þessar ályktanir eru mjög afdráttarlausar. En ekkert hreyfðist.

Þess vegna skrifaði ég eftirfarandi 16. maí í vor, þegar samningurinn við Magma Sweden var í burðarliðnum: „Samfélagið er að bregðast sjálfu sér; ríkisstjórnin er að bregðast komandi kynslóðum í þessu máli. Við sem sitjum á Alþingi erum að bregðast sem löggjafi því við verjum ekki auðlindir þjóðarinnar gegn braski… Andvaraleysi í þessu máli er ekki valkostur.“ Nokkur umræða spannst þessa daga opinberlega og sat ég meðal annars fyrir svörum ásamt Ross Beaty í Kastljósi þar sem ég ræddi um skúffufyrirtæki hans. Fyrir dyrum voru sveitarstjórnarkosningar. Ýmsum þótti slæmt að ræða pólitísk hitamál landsmálanna opinberlega og forsætisráðherra kvað upp úr um að ágreiningsefni ætti ekki að bera á torg. Þingmaður VG var sakaður um lítilmótlegt framferði.

Bergsteinn er ekki einn um að saka okkur, sem höfum beitt okkur í þessum málum, fyrir að sofa á verðinum og stundum er spurt hvers vegna menn hafi ekki sett fram lagafrumvörp og stöðvað þessi mál. Í fyrsta lagi þá hefur það verið reynt. Í öðru lagi snýst þetta um meirihlutavilja í ríkisstjórn og á Alþingi. Ef hann er ekki fyrir hendi þá hreyfist ekkert. En þjóðfélagið getur hreyft þann vilja. Og þjóðfélagið er að vakna.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík SÍMI: 512 5000, ritstjorn@frettabladid.is FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir arndis@frettabladid.is, Kristján Hjálmarsson, kristjan@frettabladid.is Trausti Hafliðason trausti@frettabladid.is og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) hdm@frettabladid.is
HELGAREFNI: Anna Margrét Björnsson amb@frettabladid.is og Sigríður Björg Tómasdóttir sigridur@frettabladid.is ALLT OG SÉRBLÖÐ: Roald Eyvindsson roald@frettabladid.is og Sólveig Gísladóttir solveig@frettabladid.is
ÍÞRÓTTIR: Henry Birgir Gunnarsson henry@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Pjetur Sigurðsson pjetur@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Kolbrún Ingibergsdóttir kolbrun@frettabladid.is

# Fyrir neðan allar hellur

**Magma-málið**

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson
formaður Framsóknarflokksins



Umræða um kaup Magma Energy á HS orku er stórfurðuleg og yfirleitt á nokkurn veginn sama plani og jarðhitinn sem um er rætt. Eftir að ég benti, í fréttum Sjónvarpsins, á þá alkunnu staðreynd að undir handleiðslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins hafa margar þjóðir misst yfirráð yfir auðlindum sínum og á þá hættu sem felst í aukinni skuldsetningu ríkisins, fjallaði Fréttablaðið um málið í dálki sem kallaður er Frá degi til dags. Á þeim vettvangi fá blaðamenn tækifæri til að viðra skoðanir sínar í hæðnistón.

### Hlutur Reykjavíkur

Það er skiljanlegt að erfitt geti verið að vera sniðugur á hverjum degi en það er ekki hægt að láta ótalið að hvað eftir annað séu skrifaðar skrítlur sem eru algjörlega á skjön við veruleikann.

Fyrst spyr höfundur hvort AGS hafi komið við sögu þegar Orkuveita Reykjavíkur seldi hlut í HS orku, sem hún hafði keypt af Hafnarfjarðarbæ, til Magma Energy og bendir á að þá hafi einmitt Óskar Bergsson verið í borgarstjórn og Óskar Bergsson sé framsóknarmaður. Bingó! Talandi um að setja alltaf allt í hjólför flokkspólitíkur. En hvað um það. Nei, það var ekki Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn sem fékk Orkuveitu Reykjavíkur til að selja sinn hlut í HS orku. Það var Samkeppniseftirlitið sem úrskurðaði að OR mætti ekki eiga hlutinn og yrði að selja. OR, sem hafði hlaupið undir bagga og haldið HS orku í opinberri eigu þegar Hafnarfjarðarbær ákvað að selja sinn hlut (stjórn Samfylkingar svo að við höldum okkur við flokkspólitíkina), taldi þá réttast að Hafnarfjarðarbær fengi hlutinn aftur. Það vildi Samfylking í Hafnarfirði ekki sjá og úr varð dómsmál. OR tapaði og varð að selja hlutinn. Þess vegna var haldið opið söluferli í 8 mánuði. Aðeins eitt tilboð barst. Tilboð Magma Energy. Reykjavík bauð ríkinu að kaupa hlutinn. Fjármálaráðherra hafði ekki áhuga á því svo ekki sé minnst á AGS. Lífeyrissjóðirnir vildu ekki kaupa heldur. Reykjavík átti því engan annan kost, samkvæmt lögum og að undangengnum úrskurði samkeppnisyfirvalda og dómstóla, en að selja Magma hlutinn í HS orku.

### Nefnd um erlenda fjárfestingu

Höfundur gríndálksins í Fréttablaðinu spyr líka „var það vegna þrýstings frá AGS sem fulltrúi Framsóknarflokksins í eftirlitsnefnd um erlenda fjárfestingu hreyfði ekki við mótbárum, þótt áhöld væru uppi um kaup Magma á HS orku í gegnum skúffufyrirtæki í Svíþjóð stæðist lög?“ Það var nú einmitt það sem nefndin gerði. Hún leitaði umsagnar þeirra lögfræðinga sem best þekkja til og fylgdi svo leiðsögn þeirra í svari til viðskiptaráðherra en benti ráðherra á að hann hefði vald til að koma í veg fyrir að af kaupunum yrði. Ráðherra hefði getað lagst gegn fjárfestingunni en kaus að staðfesta úrskurð nefndarinnar. Nefnd um erlenda fjárfestingu beindi því til ráðherra í janúar sl. að vinna að endurskoðun laganna. Þeirri áskorun hefur ekki verið sinnt. Loks lagði fulltrúi Framsóknar í nefndinni til að hún yrði lögð niður enda sýndi þetta mál fram á fáránlega stöðu hennar.

### Ríkisstjórnin

Til viðbótar hafði nefndin oft og fyrir löngu bent viðskiptaráðuneytinu á að ef menn vildu koma í veg fyrir hluti á borð við þá sem nú hafa gerst þyrfti að breyta lögum. Það var ekki gert. Þvert á móti, nefnd um endurskoðun laganna sem Björgvin G. Sigurðsson hafði komið á fót hætti störfum. Hvað varðar lögin um nýtingartímann hefur stjórnin haft allan veturinn til að athafna sig en ekkert gert og loks virðist alveg hafa gleymst að fjármálaráðherra bauðst að leysa hlutinn til ríkisins en afþakkaði það. Niðurstaðan nú er því í samræmi við vilja ríkisstjórnarinnar.

### Umræðunni haldið á villigötum

Í fréttinni á RÚV kvartaði ég undan því að umræðan væri á villigötum. Þá er stokkið fram til að halda umræðunni utan vega og helst úti í mýri. Af umræðum síðustu vikna að dæma, og ofangreindum athugasemdum í Fréttablaðinu, mætti ætla að ekkert sé að því að fyrirtæki með aðsetur í Stokkhólmi, London eða Napolí kaupi hér orkuvinnslufyrirtæki en að ef höfuðstöðvarnar eru í Winnipeg eða Toronto farist himinn og jörð.

Umræðan hlýtur að eiga að snúast um það hvort íslenskar auðlindir og nýting þeirra eigi að vera alfarið á hendi Íslendinga, ekki hvort eigendur Magma séu með skrifstofu í Kanada eða Svíþjóð. Menn virðast svo einungis vera flokkaðir í tvo hópa. Annaðhvort séu þeir tilbúnir til að láta ríkið ógilda samninga annarra eftir að allir frestir eru útrunnir og fara gegn úrskurðum samkeppnisyfirvalda og niðurstöðum dómstóla eða menn hljóta að vilja einkavæða náttúruauðlindir þjóðarinnar og helst til útlendinga.

Hvað varðar afstöðuna til þeirrar grundvallarspurningar hvort Íslendingar eigi að tryggja innlent eignarhald á mikilvægustu náttúruauðlindum er ég eindregið þeirrar skoðunar. Framsóknarmenn hafa enda lengi barist fyrir því að kveðið væri á um slíkt í stjórnarskrá. En framsóknarmenn vilja líka að fylgt sé þeim lögum sem eru í gildi og líki mönnum þau ekki sé lögunum breytt.

Það getur reynst erfitt að fylgja miðjustefnu á óróatímum en á óróatímum er alveg sérstaklega mikilvægt að missa ekki sjónar af hinum gullna meðalvegi.

**Auglýsing um álagningu opinberra gjalda á einstaklinga árið 2010**

Álagningu opinberra gjalda, sem og ákvörðun vaxta- og barnabóta, á árinu 2010 lýkur þann 28. júlí 2010 á þá einstaklinga, sem skattskyldir eru samkvæmt 1. kafla laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

Álagningin er nú aðgengileg á þjónustuvef ríkisskattstjóra á www.rsk.is og www.skattur.is.

**Álagningarskrár**, sem sýna álagða skatta á gjaldendur í hverju sveitarfélagi liggja frammi á skattstofum eða á sérstaklega auglýstum stöðum fyrir hvert sveitarfélag dagana 28. júlí til 11. ágúst 2010 að báðum dögum meðtöldum.

Framlagning álagningarskráa er samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 98. gr. framangreindra laga.

Álagning gjalda á lögaðila fer fram síðar og verður auglýst sérstaklega.

**Kærur** vegna allra álagðra gjalda einstaklinga 2010 þurfa að hafa borist ríkisskattstjóra eigi síðar en miðvikudaginn 25. ágúst 2010.

RSK
RÍKISSKATTSTJÓRI



# Sinadráttur og gróðafíkn

Lyf

Sveinn Rúnar Hauksson
heimilislæknir



Fjöldi fólks sem á við fótakrampa og sinadrátt að stríða, ekki síst á nóttunni, hefur um langt árabil getað fengið lyf við þessu hjá sínum lækni. Það er gamla malaríulyfið, Kínin, sem reynst hefur býsna vel við þessu. Lengi vel var hægt að kaupa 100 mg töflur án lyfseðils, en læknir skrifaði upp á 250 mg töflur sem hefur reynst hæfilegur skammtur fyrir flesta.

Nú brá svo við fyrir nokkrum vikum að Kínin Actavis-töflurnar fengust ekki lengur. Actavis hefur ákveðið að hætta framleiðslu lyfsins hér á landi. Enn eitt lyfið hvarf á þennan hátt, án nokkurs fyrirvara og sjaldnast nokkur skýring gefin.

Það er þó talið að sambærilegt lyf muni verða flutt inn af sömu aðilum frá verksmiðjum þeirra í öðrum löndum, en fólk þarf að bíða í einhverjar vikur eða mánuði. Ekkert sambærilegt lyf er til við sinadrætti og mega þeir sem líða fyrir þetta hafa sinn sinadrátt, fótakrampa og andvökur af þeirra völdum.

Þegar spurt er hvernig í ósköpunum standi á því að lyfjaframleiðandinn hagi sér svona, virðast læknar og lyfjafræðingar ekki hafa önnur svör en að lyfjaframleiðandinn Actavis græði ekki nóg á tilteknum lyfjum, en einhverjar hömlur eru á því hversu mikið lyfjaframleiðandinn fær að hækka verðið. Þetta er nefnilega alls ekkert einsdæmi heldur eru sennilega ekki færri en 30 lyf horfin úr apótekunum með þessum hætti á síðustu árum. Actavis hefur einhliða ákveðið að hætta framleiðslu þeirra hér á landi. Sjaldnast hafa nokkrar skýringar fylgt frá þessum alþjóðlega auðhring sem hefur einokunaraðstöðu hér á landi.

Lyfin sem skyndilega hverfa úr hillum apótekanna á sama hátt og Kínin nú, hafa alltaf verið tiltölulega ódýr lyf. Þessi lyf eru úr ýmsum flokkum, til dæmis sýklalyf, blóðþrýstingslyf og þunglyndislyf. Allt hafa þetta verið lyf sem mikil og yfirleitt góð reynsla hefur verið komin á. Þetta hefur oft skapað veruleg vandræði hjá fjölda sjúklinga. Um þetta hefur verið umræða á meðal sjúklinga, lækna og lyfjafræðinga í apótekum og merkilegt að hún skuli ekki hafa náð til fjölmiðla.

En aðferð Actavis hefur verið sú að láta þó nokkurn tíma líða áður en leyst er úr vandanum með því að hefja innflutning á sambærilegu lyfi. En þegar samheitalyfið kemur að utan, þá er það minnst tvöfalt dýrara og allt upp í fimm sinnum dýrara!

Alvanalegt hefur verið síðustu mánuði og ár að fjöldi nauðsynlegra lyfja sé ekki fáanlegur. Þau er „á bið“ eins og það er kallað. Nýjast dæmið er frá 1. júlí. Sýklalyfið Staklox, sem er breiðvirkt penicillin með sérstaklega góða verkun á stafylokokka eins og nafnið bendir til. Það er mikið notað við sýkingum í og undir húð, líka af völdum streptokokka og algengt dæmi er í sambandi við heimakomu, sem getur verið alvarleg sýking. Staklox er kjörlyf í þessu sambandi og mikill missir að því. Áður var Diclocil til með sama innihaldsefni en innflutningi á því var hætt fyrr nokkru. Ber Lyfjastofnun ekki ábyrgð á því að nauðsynleg lyf séu fyrir hendi? Lyfjaauðhringarnir virðast ekki bera neina ábyrgð nema gagnvart hluthöfunum og þar er rauði þráðurinn að skapa eigendum sem mestan gróða. Ekkert annað kemur til álita á þeim bæ. Samfélagsleg ábyrgð takmarkast við góðgerðir sem nefna má á tyllidögum.

Forsaga málsins er í örstuttu máli sú að Lyfjaverslun ríkisins, traust fyrirtæki sem framleiddi fjölda nauðsynlegra lyfja var einkavætt. Í kjölfar þess tókst einum aðila, Actavis, smám saman að sölsa undir sig nær alla lyfjaframleiðslu á Íslandi. Síðan hefur fyrirtækið verið að hagræða til að auka gróða sinn. Það er líkast því að við stjórn á þeim bæ sitji viðskiptafræðingur sem fari yfir framleiðslulistana, og velji úr þau lyf sem skila minnstum gróða, og striki einfaldlega yfir þau, alveg án tillits til hagsmuna sjúklinga og samfélagsins. Eru ekki líka einhverjir að missa vinnuna sem áður unnu við þessa framleiðslu?

Hvernig má það vera að Lyfjastofnun, heilbrigðisráðuneyti og aðrir ábyrgir aðilar horfi upp á þetta háttalag aðgerðarlausir?

# Umræðan um öryggismál og Evrópuher

Evrópumál

Einar Benediktsson
fyrrverandi sendiherra



Höfundur þessara lína var fastafulltrúi Íslands hjá Atlantshafsbandalaginu á seinni hluta 9. áratugar liðinnar aldar þegar breytingarnar miklu urðu við fall Berlínarmúrsins. Sú ógn sem stafaði af Sovétríkjunum varð til þess að NATO var stofnað 1949. Kjarni þess samstarfs fólst í V. grein stofnsáttmálans um að árás á eitt bandalagsríki jafngilti árás á þau öll. Þar með var það ljóst að innrás í Vestur-Evrópu væri stríðsyfirlýsing við Bandaríkin og friðurinn hélst. En við það að járntjaldið hvarf, Þýskaland var sameinað og stækkun NATO náði til fyrrum Varsjárbandalagsríkja, hvarf sú ógn að gerð yrði árás í Norður-Ameríku eða Evrópu með herafla utanaðkomandi ríkis.

NATO náði sínum upphaflega tilgangi en hlutverkið breyttist eftir hrun Sovétríkjanna. Við tóku friðargæsla á Balkanskaga og hernaðaraðgerðir og friðargæsla í Afganistan. Nýir áhættuþættir höfðu tekið að steðja að aðildarríkjum Atlantshafsbandalagsins svo sem hryðjuverkastarfsemi, útbreiðsla kjarnavopna, ógnir við netöryggi eða framboð á orku. Undir þetta er tekið í Áhættumatsskýrslu fyrir Ísland frá 2009, sem unnin var af starfshóp á vegum utanríkisráðuneytisins og höfundur tók þátt í. Þar var unnin af borgaralegu starfsliði til að annast löggæslu og dómarastörf. Ákveðin samlegð er með stefnu Íslands og aðgerðum ESB í borgaralegum verkefnum.

Þegar borgarastríðið í fyrrum Júgóslavíu hófst var spurt hvort þetta væri ekki evrópskt vandamál sem viðkomandi grannríki myndu leysa. Annað kom í ljós og þegar stöðva átti átökin í Kosovo þurfti til hernaðarlega yfirburði Bandaríkjanna og ráðandi stöðu þeirra í NATO. Ýmsum líkar sú staða ekki. Því hefur lengi verið rætt um hugmyndina um evrópskan varnarher, þ.e. fastan herstyrk frá aðildarríkjum ESB og undir stjórn þess. Ekki yrði um að ræða nýjar hersveitir heldur vel að merkja það að færa herstyrk, sem er hluti af liðsafla NATO og alltaf hefur lotið yfirstjórn bandarísks herforingja, undir evrópska herstjórn. Þeir sem þessu eru hlynntir telja m.a. að komi upp krísa í Austur- eða Mið-Evrópu geti Evrópuþjóðir sjálfar betur átt við málin. Á öndverðum meiði eru rök þeirra sem telja að Evrópuher leiði til þess að NATO og Bandaríkin hverfi í skuggann og þar með áhrif sem ómissandi eru, sérlega í samningum við Rússa. Bent hefur verið á fjölmörg vandamál við framkvæmdina, svo sem val og framleiðslu búnaðar, ákvarðanir sameiginlegrar aðgerðastefnu og um tungumál í samskiptum.

Hugsanleg stofnun Evrópuhers varðar Íslendinga, herlausa þjóð, ekki beint. Það er misskilningur að ætla að aðild að Evrópusambandinu leiði til þátttöku í Evrópuher,

> Hugsanlega stofnun Evrópuhers varðar Íslendinga, herlausa þjóð, ekki beint. Það er misskilningur að ætla að aðild að Evrópusambandinu leiði til þátttöku í Evrópuher, sem reyndar má draga mjög í efa að verði stofnaður.

fjallað um alþjóðlega áhættuþætti en þeirra á meðal er netöryggi. Evrópska lögreglusamvinnustofnunin, Europol, telur s.k. laumunet mestu ógnina sem vofir yfir netnotendum. Þá er hægt að beita netárásum gegn ríkjum eins og varð vegna deilu Eistlands og Rússlands 2007. Það segir sig sjálft að Íslandi er það lífshagsmunamál að vera að fullu þátttakandi í alþjóðlegu samstarfi til að tryggja öryggi.

Ég tek undir það sem haft er eftir Selmu Erlu á heimasíðu Sterkara Ísland. Hún segist ekki skilja hvers vegna andstæðingar Evrópusambandsins og aðildar Íslands eyða öllu sínu púðri í hræðsluáróður um hernaðarbandalag sem á sér engar stoðir í veruleikanum. Við framkvæmd stefnu ESB í öryggis- og varnarmálum hefur verið ráðist í mörg verkefni á sviði friðargæslu og friðaruppbyggingar stundum með 60.000 manna viðbragðssveit úr herjum félagsríkja. Verkefnin eru nú 14 talsins, víða um heim og einnig sem reyndar má draga mjög í efa að verði stofnaður. Ekki hefur grundvöllur fyrir Evrópuher skapast með Lissabon-sáttmálanum. Yfirlýsing ESB vegna aðildar Írlands tekur ótvírætt fram að hverju ríki er í sjálfsvald sett hvernig framlagi til sameiginlegra varna er hagað og að aðildarríki eru ekki skuldbundin til að taka þátt í hernaðarlegum aðgerðum á vegum bandalagsins. (Sjá skýrslu Össurar Skarphéðinssonar utanríkisráðherra um utanríkis- og alþjóðamál, maí 2010, bls. 34, 60. Í vefsíðu Lisbon Referendum Commission á Írlandi segir m.a.: „The Treaty of Lisbon does not provide for the creation of a European army or any form of conscription“.)

Það var verst að „ungir bændur“ og síðan aðrir skyldu verða gripnir tilefnislausum áhyggjum um hervæðingu landsins ef Ísland gerðist aðili að ESB. Um skrif Morgunblaðsins þar um er best að fara sem fæstum orðum.

## AF NETINU

### Þá loksins vöknuðu þjóðfrelsisliljurnar

„Hver var afstaða VG að lokum til þessara laga [sölu HS Orku til Magma] sem sumir þeirra kenna nú við frjálshyggju og landsölu? – Þingmenn VG sátu hjá. Greiddu ekki atkvæði. Það var ekki einusinni nafnakall við þriðju umræðu í þinginu.

Í stjórnarmyndunarviðræðunum í maí 2009 hefur VG greinilega lagt svo mikla áherslu á þetta að á HS er ekki minnst einu orði, hvorki beint né óbeint. Samt er staðan þá sú að einkaaðili – GGE – átti verulegan hlut. Um sumarið seldi GGE Magma part af þessum hlut. Seinna á árinu 2009 – með VG í ríkisstjórn – keypti Magma hlut OR, svo Hafnarfjarðar. Og loks allan GGE-hlutinn. Og þá loksins vöknuðu þjóðfrelsisliljurnar í VG.”

blog.eyjan.is/mordur
**Mörður Árnason**

ENNEMM / SÍA / NM42665

Svooona gott





Sumt breytist aldrei

Enn sem fyrr býður Gerber upp á mikið úrval af næringarríkum, hollum og góðum barnamat. Veldu aðeins það besta fyrir barnið þitt, því lengi býr að fyrstu gerð.

Gerber
Því lengi býr að fyrstu gerð













Þórólfur ákvað að ögra sjálfum sér með því að ganga þvert yfir landið og uppgötvaði í leiðinni einstaka náttúrufegurð. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Detox-ferð fyrir karla

**Þórólfur Jarl Þórólfsson er ekki upptekinn af hollu mataræði og hefur aldrei stigið fæti inn á líkamsræktarstöð. Samt lét hann sig ekki muna um að ganga þvert yfir landið á dögunum og hafði gaman af.**

„Ég vildi bara sjá og upplifa ósnortna íslenska náttúru og ögra sjálfum mér svolítið,“ segir Þórólfur Jarl Þórólfsson, starfsmaður hjá Vodafone, um tildrög þess að hann ákvað að ganga þvert yfir landið, frá Reykjanesvita á Reykjanestanga að vitanum á Langanesfonti, frá 20. maí til 11. júní.

Þórólfur slóst þar í för með Frey Heiðari Guðmundssyni, frænda sínum, og vininum Friðriki Guðjónssyni en enginn þeirra hafði reynslu af slíku áður. „Nei, nei, ég hef nú takmarkað gert af því; ekki einu sinni stigið fæti inn á líkamsræktarstöð. Það er helst að maður fari í veiði eða fótbolta með strákunum,“ segir Þórólfur og kveður margt hafa komið á óvart. „Náttúran er ótrúleg og sums staðar svo ósnortin að engu líkara en maður væri sá fyrsti sem færi þar um. Sérstaklega þótti mér gaman að koma í Vonarskarð sem er mjög fallegt.“

Félagarnir ferðuðust létt, höfðu meðferðis gps-staðsetningartæki, farsíma, landakort og mat í bakpokum og urðu sér reglulega úti um matarbirgðir á leiðinni og gistu til skiptis í tjaldi eða sæluhúsum. Ferðalagið tók í það heila 22 daga en á þeim nítjánda þurfti Friðrik að hætta för vegna fótameiðslna. Frændurnir komust þó báðir á leiðarenda og sjaldan verið hressari að sögn Þórólfs. „Upphaflega var þetta erfitt en kom smám saman og undir lokin var maður í toppformi, búinn að missa nokkur kíló á leiðinni. Þetta varð því að svona hálfgerðri detox-ferð fyrir karla,“ segir hann og hlær.

Þórólfur útilokar ekki að félagarnir endurtaki leikinn að ári. „Ætli þetta verði ekki bara næst frá Höfn og til Hornstranda. Það er annaðhvort það eða að maður leggur skónum alveg,“ segir hann og glottir.

*roald@frettabladid.is*





;ALLT
ÚT AÐ BORÐA

**Jóna María Hafsteinsdóttir**
jmh@365.is - sími 512 5473
**Henný Árnadóttir**
henny@365.is - sími 512 5427
**Þórdís Hermannsdóttir**
thordish@365.is - sími 512 5447



**SUMAR SNYRTIVÖRUR**, sætuefni og matjurtir eru taldar stuðla að sólarútbrotum, svo sem gulrætur, steinselja, seljurót og fleiri. Nánar á visindavefur.is.






Steinefni eru nauðsynleg næringarefni sem líkaminn þarfnast í litlu magni fyrir eðlilega líkamsstarfsemi. Steinefni eru nauðsynleg til að byggja upp sterk bein og tennur, til að stjórna vökvajafnvægi líkamans og umbreyta matnum í orku. Þau má finna í kjöti, korni og kornvörum, fiski, mjólkurvörum, grænmeti, ávöxtum og hnetum.



**Heimild: www. lydheilsustod.is**



Lyfjarannsóknum á Íslandi hefur fækkað verulega að undanförnu.



„Af hverju að fjárfesta í markaði, ef við getum gert þetta annars staðar og móttökurnar eru betri?“ segir Davíð Ingason, hjá lyfjarfyrirtækinu AstraZeneca.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Vilja efla rannsóknir

**Dregið hefur mjög úr lyfjarannsóknum á Íslandi að undanförnu. Breyting gæti þó orðið á þar sem Landspítali - háskólasjúkrahús hefur áform um að koma á samstarfi milli lyfjafyrirtækja og vísindamanna.**

„Við vonumst til að sjá fyrstu rannsóknirnar við þessar nýju aðstæður fyrir áramót,“ segir Kristján Erlendsson, framkvæmdastjóri vísinda-, mennta- og gæðasviðs Landspítalans. Í undirbúningi er samstarf Landspítalans - háskólasjúkrahúss og lyfjafyrirtækja um lyfjarannsóknir en mjög hefur dregið úr þeim hérlendis að undanförnu.

„Þeim stöðugildum sem lyfjafyrirtækin hafa haft í rannsóknum hefur fækkað verulega og störfin eru nánast horfin,“ segir Hjörleifur Þórarinsson, framkvæmdastjóri lyfjafyrirtækisins GlaxoSmithKline. Undir þetta tekur Davíð Ingason, sölu- og markaðsstjóri AstraZeneca. „Við vorum að jafnaði með fjórar rannsóknir í gangi á hverjum tíma, en nú erum við með enga og þetta á við um fleiri fyrirtæki.“

Inntur eftir ástæðum fyrir þessum sviptingum á lyfjamarkaði segir Davíð: „Heilbrigðisráðuneytið hefur verið að beina neyslu lyfja úr frumlyfjum yfir í samheitalyf á undanförnum mánuðum. Við höfum samt ekkert á móti því,“ útskýrir Davíð og heldur áfram: „Ríkið hefur þó verið að breyta kerfinu í þá átt að það er ekki nóg með að frumlyfinu sé skipt út fyrir samheitalyf heldur er frumlyfinu skipt út fyrir einhverja eftirlíkingu af skyldu lyfi. Þetta hafa þeir gert í nafni sparnaðar.“



Hjörleifur Þórarinsson segir erfitt að keppa við stórar þjóðir um lyfjarannsóknir.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Að sögn Davíðs sjá erlendu frumlyfjafyrirtækin ekki ástæðu til þess að taka þátt í rannsóknum á markaði sem andsnúinn er nýrri lyfjum. „Af hverju að fjárfesta í markaði, ef við getum gert þetta annars staðar og móttökurnar eru betri?“

Hjörleifur tekur við og segir að lyfjafyrirtækin séu einnig undir gífurlegum þrýstingi erlendis frá um hagræðingu. „Fyrirtækin hafa verið að fækka þeim löndum þar sem þau gera þessar rannsóknir og færa þær yfir í færri og stærri rannsóknarsetur þar sem auðveldara er að gera slíkar rannsóknir,“ upplýsir hann og bætir við að Ísland eigi erfitt með að keppa við stórar þjóðir um lyfjarannsóknir. „Verið er að færa rannsóknir til landa þar sem kostnaðurinn er minni.“

Kristján tekur undir með Hjörleifi að lyfjarannsóknum hafi fækkað í löndunum í kringum okkur. „Við erum að undirbúa að gera okkur betur í stakk búin til þess að taka þátt í rannsóknum og verða meira spennandi samstarfsaðili til að vinna á þessum vettvangi.“

*martaf@frettabladid.is*









# Einn slapp við bakkann

**Fjórtán konur sem eiga að baki meðferð vegna brjóstakrabba æfðu köst í einni fegurstu á landsins.**

„Þetta var þriggja daga ferð og konurnar gistu í veiðihúsinu Rauðhólum. Þaðan fengu þær úrvals kennslu í köstum og leiðsögn bæði um það sem laut að veiðiskapnum og líka í skoðunarferð um svæðið,“ upplýsir Laila Sæunn Pétursdóttir, markaðsstjóri Krabbameinsfélags Íslands. Félagið stóð nýverið fyrir ferð fjórtán kvenna, sem gengið hafa gegnum brjóstakrabbameinsmeðferð, norður í Aðaldal og æfðu sig í að kasta á urriðasvæði í Laxá. Einn ráðgjafi frá Krabbameinsfélaginu var með í för, einnig tvær konur frá Samhjálp og fjölmargir styrktu framtakið fjárhagslega.

Að sögn Lailu var góður andi í hópnum og veðrið ákjósanlegt til veiðiskapar en hvernig gekk svo veiðin? „Tveimur stórum var landað, tveimur litlum sleppt og einn slapp við bakkann.“ *- gun*



Konurnar æfðu köst af list. MYND/ÁSDÍS KÁRADÓTTIR



Til sölu mjög vel með farið Yamaha orgel skemmtari með skemmli. Fallegur gripur. Uppl. Í síma 893 9688

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.**
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

**Kaupi gull !**

**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.**
**Upplýsingar á demantar.is í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

## Til bygginga

Ótrúleg verð á gipsplötum (12.5 x 1200 x 2600) 2.050 kr. m.vsk platan - S:555-7905 www.ulfurinn.is

## Verslun



Enn meiri verðlækkun allt að 70% afsláttur Emilía Bláu húsin Faxafeni s: 588 9925 & emilia.is

**Stærri limur betri limur**
Loksins er komin á markað vara sem gefur þér varanlega stækkun bæði í lengd og þykkt. Kannaðu málið á bathmate.is
**bathmate.is**

## Ýmislegt

Til sölu eru 100 skötuselsnet, 50 felld 5 1/2 tommu ýsunet og 50 þorskanet. Upplýsingar í síma 8451546.

# HEILSA

## Heilsuvörur

Árangur með Herbalife í 30 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd




**TANTRA MASSAGE**
An exclusive gift for men, women and couples. Tel. 698 8301 www.tantra-temple.com

**NUDD**
Nudd nudd nudd heilnudd. Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

**NUDD - Tilboð - NUDD**

**Nudd kr. 3500,-**

Skrúbb, heitur pottur, nudd f. 2 kr. 9900,-. Detox - f. 2 kr. 9900.-. Margar teg. nudds, alhliða snyrting, slökun, veitingar, heilsu, vítamín, næringarráðgjöf. Ekkert sex nudd. No sex massage. Uppl. - pantanir s. 57 8 57 57 & 823 8280. JB Heilsulind Skúlagötu 40. Opið 12-18 mán-lau.

Whole body massage 841-8529

**SPA - DREAM OASIS**
**Fáðu kort og nudd frítt.**
NUDD: Heilln., Slökunarn., Skrúbb, Pottur, Sólbekkir og fleira. Símar 567-6666 og 862-0941. http://dreamoasis.magix.net

Nudd og nudd, góða nudd massage 659 61 24

## Þjónusta



**Reykstopp með árangri s:694 5494**
Viðar Aðalsteinsson dáleiðslufræðingur og sérfræðingur í EFT www.theta.is

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið

**SIGLINGANÁMSKEIÐ**
Námskeið fyrir börn og fullorðna. Skráning á www.brokey.is & s: 895 1551 Siglingafélag Reykjavíkur

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Fyrir veiðimenn

**Silunganet - Silunganet**
Flot- og sökknet. Mikið úrval. Heimavík. Sími 892 8655. heimavik.is

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

ROOM f/RENT w/FURNITURE IN 108 RVK. NEAR KRINGLA AND 109 AND 111 BREIÐHOLT 897 3611

Til leigu herb. í Álftamýri, einnig í Hraunbæ. Reglusemi áskilin. S. 865 9637.

Herbergi í Hraunbæ. Reglusemi áskilin. Uppl. í s. 865 9637.

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

3 herb. íbúð til leigu í Lautasmára, Kópavogi. Leiga kr. 130 þús. á mán. Skoðum leiguskipti á sérbýli á höfuðb. sv. og Mosfellsbæ með amk 4 svefnh. Upplýsingar í síma 860 9819 Kristín.

Room for rent, separate kitchen and bathroom, price 55 þ. Langholtsvegi 137. Uppl. í s. 896 1039.

## Sumarbústaðir



**Harðviðarbjálkahús**
250fm einbýlishús. Influtt frá Brasilíu,tilbúið til afhendigar í 40ft gám. í pakkanum fylgir,allir gluggar,100 fm verandarefni,8 stk útihurðir. 100 fm loftklæðning.Verð 9,9 millj. Skipti möguleg.Uppl í síma 692-3000,www.midbaer.is

Sumarbústaður til leigu við Laugarvatn. Uppl. í s. 840 6260.

Sumarhús í Flóahreppi, 10 min frá Selfossi. Mikið privat. S. 899 5863 www.starplus.is

## Atvinnuhúsnæði

Einbýlishús til leigu í 101. Timburhús á tveimur hæðum, með litlum garði. Á neðri hæð er anddyri, eldhús, baðherbergi og tvö herbergi. Á efri hæð eru tvær samliggjandi stofur, snyrting og tvö svefnherbergi. Þvottaherbergi í kjallara. Allt innbú er fyrir hendi ef vill, frá rúmum, ísskáp og þvottavél niður í sængurföt og hnífapör. Upplýsingar í síma 8219310.

Hobbýhúsnæði 30-60 fm með innkeyrsluhurð óskast til leigu á stór Reykjavíkursvæðinu. S. 898 3206 & 565 3206.

## Geymsluhúsnæði

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Kaffi Klassík Kringlunni**
Óskar eftir starfsfólki í vaktavinnu. Íslenskukunnátta skilyrði. 20 ára og eldri. Uppl. í s. 899 1965.

Reglusamur maður óskast til starfa strax við hellulagnir, íslenskukunnátta æskileg. Líklegast um tímabundið starf að ræða. Uppl. í s. 898 4202.

Óskum að ráða aðila með reynslu og áhuga á matargerð í hlutastarf. Á sama stað eru í boði þjónustustörf í sal og fl. Hentar vel fyrir aðila búsetta á svæðinu. Uppl. í s: 565-3200 Esjustofa v/Mógilsá

Veitingastaður í miðbænum óskar eftir starfsfólki. Umsóknir óskast sendar á thjonusta@365.is merkt „V101"

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**SÍMAÞJÓNUSTUR**



**Stefnumót**
905 2000 (símatorg)
535 9920 (kreditkort)
535 9923 (frítt karlar)
555 4321 (frítt konur)
**Spjall**
904 5454 (símatorg, karlar)
535 9940 (kreditkort karlar)
555 4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535 9988 (kreditkort)
**Sögur**
905 2002 (símatorg)
535 9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908 6000 (símatorg)
535 9999 (kreditkort)

**PurpleRabbit.is**
Sýndu þig og sjáðu aðra á djörfum íslenzkum samskiptavef.

## Tilkynningar

F I S K I S T O F A

### Leyfi til veiða á sæbjúgum fiskveiðiárið 2010/2011

Fiskistofa auglýsir eftir umsóknum um leyfi til veiða á sæbjúgum fiskveiðiárið 2010/2011, sbr. reglugerð nr. 1051, 28. desember 2009, um veiðar á sæbjúgum, með síðari breytingum.

Umsóknum skal skilað til Fiskistofu á eyðublaði sem er að finna á heimasíðu stofnunarinnar, og skulu þeim fylgja upplýsingar um veiðar umsækjenda á sæbjúgum þrjú síðustu fiskveiðiár.

Umsóknarfrestur er til 10. ágúst 2010.

Fiskistofa 27. júlí 2010

## Til sölu

### Kauptilboð óskast í húseignina Hlíðargata 53, Fáskrúðsfirði.



**Sala. 14906. Einbýlishús á 2 hæðum ásamt innbyggðum bílskúr.**

Um er að ræða 2 hæða 319,1m² einbýlishús byggt úr steinsteypu árið 1973 ásamt innbyggðum 25,7m² bílskúr, samkv. Fasteignaskrá Íslands. Brunabótamat húsnæðisins er kr. 58.000.000,- og fasteignamat er kr. 21.400.000,-

Húseignin verður til sýnis í samráði við Kjartan Einarsson í síma 892- 3090 og Ríkiskaup, Borgartúni 7, 105 Reykjavík í síma 530 1400. Tilboðseyðublöð liggja frammi á sama stað ásamt reglum um frágang og útfyllingu á tilboðseyðublaði.

(sjá upplýsingar og myndir á heimasíðu Ríkiskaupa, http://www.rikiskaup.is/).

Tilboð skulu berast Ríkiskaupum fyrir kl. 10.00 þann 24. ágúst 2010 þar sem þau verða opnuð í viðurvist viðstaddra bjóðenda er þess óska.

RÍKISKAUP
*Útboð skila árangri!*

## Útboð

### LAUGAVEGUR 164 OG 166 ENDURBÆTUR Á 1. HÆÐ ÚTBOÐ NR. 14914

Framkvæmdasýsla ríkisins, fyrir hönd Fasteigna ríkissjóðs, óskar eftir tilboðum í verkið: Laugavegur 164 og 166 1. hæð – endurbætur innanhúss. Um er að ræða endurbætur innanhúss á húsnæði RSK, Laugavegi 164 og 166. Verkið fellst aðallega í rifi á gólfefnum, veggjum og loftum og smíði nýrra veggja ásamt frágangi nýrra lofta og gólfefna, glerveggjum og innihurðum. Einnig er verið að breyta og endurnýja loftræsilagnir og raflagnir. Verkið skal vinna í tveimur áföngum, fyrst Laugaveg 164 og síðan Laugaveg 166.

**Helstu magntölur eru:**
- Niðurrif veggja 170 m², niðurrif lofta 285 m², rif gólfefna 285 m²
- Nýir gifsveggir og klæðningar 284 m², málun 1.235 m²
- Loftakerfi og loftaklæðningar 449 m², glerinnveggir og hurðir 120 m²
- Gólfefni 515 m²
- Loftræsikerfi, blikk 262 kg og 170 lm af stokkum.
- Lampar, neyðarljós og útiljós 161 stk.
- Brunastrengir 600 lm.

Vettvangsskoðun verður haldin 5. ágúst 2010, kl. 13:00 að viðstöddum fulltrúa verkkaupa.

Verkinu skal vera að fullu lokið eigi síðar en 1. desember 2010.

Útboðsgögn verða til sýnis og sölu á kr. 3.500 hjá **Ríkiskaupum, Borgartúni 7C, 105 Reykjavík** og hjá **Fasteignum ríkissjóðs, Borgartúni 7A, 105 Reykjavík** frá og með þriðjudeginum 27. júlí 2010, kl 12:00.

Tilboðin verða opnuð hjá Ríkiskaupum 16. ágúst 2010, kl. 11:00 að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

RÍKISKAUP
*Útboð skila árangri!*

**FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU**
Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins.
Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing




**Allt sem þú þarft...**

**ÁSTRALSKI LEIKARINN JULIAN MCMAHON ER 42 ÁRA Í DAG.**

*„Ég var frekar ungur þegar faðir minn varð forsætisráðherra. Foreldrar mínir voru mikið í burtu að hitta erlenda þjóðhöfðingja en mér fannst það aldrei skrýtið. Ef eitthvað er þá gaf þetta mér tækifæri til að gera alls kyns óknytti.“*

***Julian McMahon hefur meðal annars leikið lýtalækninn Christian Troy í Nip/Tuck. Faðir hans, Sir William McMahon, var um tíma forsætisráðherra Ástralíu.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 27. JÚLÍ ÁRIÐ 1898

## *Holdsveikraspítalinn vígður*

Þennan dag árið 1898 var Holdsveikraspítalinn í Laugarnesi vígður með viðhöfn en hann var gjöf frá Oddfellowreglunni í Danmörku. Fyrstu sjúklingar komu á spítalann 10. október sama ár.

Spítalinn var stærsta hús sem hafði verið reist á Íslandi og er stærsta timburhús sem nokkru sinni hefur risið hér á landi. Spítalinn, sem var búinn 60 sjúkrarúmum, var starfræktur á árunum 1898-1943. Talið er að um aldamótin 1900 hafi um 237 verið holdsveikir á Íslandi en þegar þeim fækkaði var hluti byggingarinnar tekinn til annarra nota.

Spítalabyggingin brann til grunna 7. apríl árið 1943. Hernámsliðið hafði þá yfirtekið spítalann og þeir fáu sjúklingar sem enn voru á landinu höfðu nokkru áður verið fluttir á Kópavogshæli.



**SMITSJÚKDÓMUR** Holdsveiki er enn vandamál víða um heim þótt sjúkdómnum hafi fyrir löngu verið útrýmt á Íslandi.

## MERKISATBURÐIR

**1896** Fyrsti læknafundurinn er haldinn á Íslandi. Fundinn, sem stóð í fjóra daga, sóttu tólf læknar og þrír læknanemar.

**1903** Fyrsta kvikmyndasýningin fer fram í Reykjavík þegar tveir Norðmenn sýna „lifandi ljósmyndir“ í Iðnó. Myndefnið var meðal annars frá dýragarði í London og krýningu Játvarðs konungs sjöunda.

**1955** Stærsta síld sem vitað er um í heiminum er veidd á Sléttugrunni. Hún var 46,3 sentimetra löng og vó 710 grömm. Síldin var alíslensk að uppruna og talin tíu ára gömul.

## AFMÆLI



**JONATHAN RHYS MEYERS** leikari er 33 ára.



**SIDNEY GOVOU** knattspyrnumaður er 31 árs.



**MAYA RUDOLPH** leikkona er 38 ára.



**SHEIKH MUSZAPHAR SHUKOR** geimfari er 38 ára.

# Fjölbreytt tónlist frá öllum tímum

Fjölbreytt tónlist, allt frá þjóðlögum til nútímatónlistar Norðurlanda, mun hljóma í Bláu kirkjunni á Seyðisfirði annað kvöld, miðvikudaginn 28. júlí. Þar er Kötluhópurinn á ferð og á dagskránni eru hans eigin útsetningar á tónlist frá öllum tímabilum tónlistarsögunnar.

Kötluhópinn skipa þau Hörður Bragason, sem spilar á orgel og píanó, Birgir Bragason á bassa, Ingibjörg Guðlaugsdóttir á básúnu og Svava Kristín Ingólfsdóttir syngur.

Tónleikarnir annað kvöld tilheyra tónleikaröðinni Bláa kirkjan og þeir hefjast klukkan hálf níu.

- gun



**KÖTLUHÓPURINN** Flytur lög í eigin útsetningum.



**KOMA ÚR ÝMSUM ÁTTUM** Í hópi flytjenda eru söngvarar, blásarar og strengjaleikarar en þeir eiga það allir sameiginlegt að stunda nám eða vinnu á erlendri grund. Hafdís er önnur frá vinstri í neðri röð og Kristján Karl fyrir miðju í þeirri efri. MYND/ÚR EINKASAFNI

**TÓNLISTARHÁTÍÐIN BERGMÁL:** HALDIN Í FYRSTA SKIPTI Á DALVÍK

# Ferð um töfraheim tónlistarinnar

Tónlistarhátíðin BERGMÁL verður haldin á Dalvík í fyrsta sinn dagana 2. til 5. ágúst. Hátíðin samanstendur af fimm tónleikum með blöndu kammertónlistar og sönglaga. „Frá setningartónleikum hátíðarinnar á frídegi verslunarmanna er haldið í fjögurra daga ferðalag um töfraheim tónlistarinnar og verða nokkrar fegurstu perlur tónbókmenntanna fluttar,“ segir Hafdís Vigfúsdóttir flautuleikari. „Lokatónar hátíðarinnar verða síðan á léttu nótunum, en þá verða haldnir gala-tónleikar með íslenskum söngperlum og óperutónlist af ýmsu tagi.“

Flytjendur á hátíðinni eru tíu talsins og eiga það allir sameiginlegt að vera við nám eða störf erlendis. Þrátt fyrir að þeir komi hver úr sinni átt inni þekkjast þeir vel í gegnum tónlistina og ákváðu snemma á árinu að taka höndum saman og efna til tónlistarhátíðar á Íslandi. „Kristján Karl Bragason píanóleikari er Dalvíkingur og heldur stundum tónleika í heimabæ sínum. Þegar menningarhúsið Berg var opnað í bænum síðastliðið sumar fannst okkur það kjörinn staður fyrir hátíðina,“ segir Hafdís.

Í hópi flytjenda eru söngvarar, blásarar og strengjaleikarar og segir Hafdís það gefa möguleika í fjölbreyttum tónlistarflutningi. Hún segir mörg þekkt verk á dagskránni og nefnir fantasíustykki Schumanns fyrir klarinett og píanó og falleg sönglög eftir Debussy. Tímasetning hátíðarinnar er vel valin en Dalvíkurbær lifnar jafnan við svo um munar á þessum tíma árs en hátíðin er haldin á milli verslunarmannahelgarinnar og fiskidagsins mikla sem hefur síaukið aðdráttarafl. Hafdís vonast því til að fólk láti sjá sig en bæði er hægt að kaupa miða á einstaka tónleika og á hátíðina alla.

„Þá verðum við með upphitunartónleika á Kjarvalsstöðum á morgun klukkan 12 þar sem verða flutt sýnishorn úr dagskránni og má þar nefna Londoner Trio no.I eftir Joseph Haydn fyrir flautu, fiðlu og selló, Sónatínu fyrir flautu og klarinett eftir André Jolivet og sönglög eftir Claude Debussy, Francis Poulenc og Philippe Gaubert.“ Hópurinn lætur ekki þar við sitja og mun halda kvöldtónleika á Kjarvalsstöðum að hátíðinni lokinni svo Reykvíkingar geti einnig notið flutningsins. Þeir fara fram 9. ágúst klukkan 20. Ef vel tekst til vonast Hafdís til þess að hátíðin verði svo haldin aftur að ári.

vera@frettabladid.is



†

*Elskulegur bróðir okkar,*

**Gunnar Már Hjálmtýsson,**

lést á dvalarheimilinu Grund 24. júlí. Jarðarförin auglýst síðar,

**f.h. annarra aðstandenda,**
**Ásdís L. Hjálmtýsdóttir Callaghan**
**Jóhanna H. Hjálmtýsdóttir Thorarensen**



†

*Ástkær móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Aðalheiður Ólafsdóttir**
Njálsgötu 110, Reykjavík,

verður jarðsungin frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 28. júlí kl. 11.00.

**Ólafur I. Jóhannsson** **Kristín Gunnarsdóttir**
**Aðalheiður Ólafsdóttir** **Tómas G. Gíslason**
**Sigríður Ólafsdóttir** **Þorsteinn Björnsson**
**og langömmubörn.**



†

*Móðir okkar og tengdamóðir,*

**Lára Böðvarsdóttir**
frá Laugarvatni,
Barmahlíð 54, Reykjavík,

sem lést 12. júlí, verður jarðsungin frá Háteigskirkju fimmtudaginn 29. júlí kl. 15.00.

**Eggert Hauksson**
**Ágústa Hauksdóttir** **Jónas Ingimundarson**
**Ása Guðmundsdóttir**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og systir,*

**Pálína A. Lórenzdóttir,**

lést á Landakotsspítala þriðjudaginn 20. júlí. Jarðsungið verður frá Laugarneskirkju miðvikudaginn 28. júlí kl. 15.

**Aðalheiður G. Hauksdóttir** **Ágúst V. Árnason**
**Hallgrímur L. Hauksson** **Ingveldur M. Tryggvadóttir**
**Ása Hauksdóttir** **Benóný Ægisson**
**ömmubörn, langömmubörn og systkini.**



*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Fjóla Día Einarsdóttir**

Skipastíg 2, Grindavík,

lést á Hjúkrunarheimilinu Víðihlíð, þriðjudaginn 20. júlí. Útförin fer fram frá Grindavíkurkirkju föstudaginn 30. júlí kl. 14.00. Aðstandendur vilja þakka starfsfólki Hjúkrunarheimilisins Víðihlíðar fyrir frábæra umönnun Fjólu Díu.

**Sæþór Þorláksson**
**Svanur Halldórsson** **Áslaug Ágústsdóttir**
**Hafsteinn Eggertsson** **Elsa Óskarsdóttir**
**Guðbjörg Eggertsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Úndína Árnadóttir**

frá Akureyri, síðast til heimilis að Kópavogsbraut 1c, Kópavogi,

andaðist á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð föstudaginn 23. júlí. Jarðarförin auglýst síðar.

**Rafn Sveinsson** **Kristín Jónsdóttir**
**Sveinn Brynjar Sveinsson** **Aðalheiður Stefánsdóttir**
**Ívar Matthías Sveinsson** **Sjöfn Magnúsdóttir**
**Árni Viðar Sveinsson** **Margrét Sigmundsdóttir**
**Ingibjörg Hrönn Sveinsdóttir** **Pétur Kjartansson**
**Kristján Arnar Sveinsson** **Gullveig Ósk Kristinsdóttir**
**ömmubörn og langömmubörn.**



*Elskulegur faðir, tengdafaðir, afi og langafi okkar,*

**William B Shirreffs,**

lést þann 10. júlí á hjúkrunarheimili Skógarbæ. Að ósk hins látna fór útförin hans fram í kyrrþey. Fyrir hönd aðstandenda,

**María Baldursdóttir.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**



*Ástkær eiginmaður minn, sonur, stjúpsonur, faðir, fósturfaðir, tengdafaðir, bróðir og afi,*

**Jakob Smári,**

prófessor í sálfræði,
Safamýri 25, Reykjavík,

lést mánudaginn 19. júlí. Útförin fer fram frá Neskirkju miðvikudaginn 28. júlí klukkan 15.00. Þeim sem vildu minnast hans er bent á Neistann, styrktarfélag hjartveikra barna.

**Guðbjörg Gústafsdóttir**
**Bergþór Smári** **Anna Júlíusdóttir**
**Örlygur Smári** **Svava Gunnarsdóttir**
**Bergþór Smári**
**Unnur Jakobsdóttir Smári** **Friðrik Magnus**
**Andri Valur Sigurðsson** **Tinna Dögg Guðlaugsdóttir**
**Erla Bergþórsdóttir Smári** **Thomas Mathiesen**
**Júlíus Smári** **Bryndís Kristjánsdóttir**
**Malín, Gunnar Berg, Jakob Þór, Heba, Hrönn, Tómas, Davíð, Sara Lind og Bryndís Ýr.**



*Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Guðrún Emelía Brynjólfsdóttir, Emma,**

Bugðulæk 15, Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Eir fimmtudaginn 15. júlí. Jarðsungi[ verður í dag, 27. júlí kl. 13, frá Fossvogskirkju.

**Halldór Gunnar Stefánsson**
**Sigrún Halldórsdóttir**
**Guðrún Halldórsdóttir**
**Bryndís S. Halldórsdóttir** **Sigurður E. Ragnarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Lilja Bjarklind Kristinsdóttir**

Furulundi 6K, Akureyri,

lést á dvalarheimilinu Hlíð fimmtudaginn 15. júlí. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Sérstakar kveðjur til heimahlynningar á Akureyri og starfsfólks LD FSA og starfsfólks Grenihlíðar á Hlíð fyrir frábæra umönnun.

**Olga Scheving** **Tryggvi Gunnarsson**
**Ásgerður Bjarklind Bjarnadóttir** **Odd Erling Sletvold**
**Sveinn Guðfinnsson, barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Jóhann A. Gunnlaugsson,**

fyrrv. kaupmaður, Skúlagötu 40,

andaðist á Droplaugarstöðum laugardaginn 24. júlí. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Ása Jónsdóttir**
**Ingi Valur Jóhannsson** **Ragnheiður Harðardóttir**
**Jón Friðrik Jóhannsson** **Guðrún Geirsdóttir**
**Gunnlaugur Helgi Jóhannsson** **Áslaug Einarsdóttir**
**Gunnar Einar Jóhannsson** **Linda Bentsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför elskulegs eiginmanns, föður, tengdaföður, sonar, tengdasonar og afa,*

**Jakobs Kristinssonar**

Ránargötu 25, Akureyri.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Grenihlíðar á Dvalarheimilinu Hlíð fyrir hlýja og góða umönnun.

**Jóhanna Maríanna Antonsdóttir**
**Ragnheiður Jakobsdóttir** **Rúnar Hermannsson**
**Lilja Jakobsdóttir** **Sævar Ísleifur Benjamínsson**
**Anna Jakobsdóttir**
**Kristinn Frímann Jakobsson** **Guðrún S. Þorsteinsdóttir**
**Elín Árnadóttir**
**Ragnheiður Árnadóttir** **Anton Baldvin Finnsson**
**Baldvin, Steinunn Alda, Hermann Helgi, Maríanna Vilborg og Atil Jakob.**



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Sigursveinn Guðmann Bjarnason**

Túngötu 13, Sandgerði,

lést þann 22. júlí á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja. Útförin fer fram frá Safnaðarheimilinu í Sandgerði fimmtudaginn 29. júlí kl. 14.00.

**Erla Sigurbjörg Sigursveinsdóttir** **Gunnar Guðbjörnsson**
**Guðlaugur Vignir Sigursveinsson** **Rannveig Grétarsdóttir**
**Þóra Kristín Sigursveinsdóttir** **Heimir Morthens**
**Jón Bjarni Sigursveinsson** **Júlía Stefánsdóttir**
**Heimir Sigursveinsson** **Aldís Búadóttir**
**Inga Sigursveinsdóttir** **Eiríkur Guðmundsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Elskuleg móðir okkar, amma og systir,*

**Oddný Rakel Jónsdóttir - Dídí**

frá Ærlæk, Öxarfirði, búsett í Soldotna, Alaska,

lést á Central Peninsula -spítalanum í Soldotna, miðvikudaginn 21. júlí. Útför hennar fer fram í Soldotna miðvikudaginn 28. júlí.

**Halldóra Katrín Sigurdsson** **Scott Hanson**
**Sigvaldi John Sigurdsson** **Claire Sigurdsson**
**Sigfus Thomas Sigurdsson**
**Erica Sigurdsson**
**Bryan Jónas Hanson**
**Guðmundur Jónsson**
**Svava Jónsdóttir**
**Sigurður Anton Jónsson**



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Hreinn Eyjólfsson**

vélstjóri, *Laugarnesvegi 87,*

lést á líknardeild Landspítalans þann 24. júlí sl. Útför hans fer fram frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 29. júlí kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á að láta Heimaþjónustuna Karitas eða líknardeild Landspítalans í Kópavogi njóta þess.

**Jóhanna Hreinsdóttir** **Benóní Torfi Eggertsson**
**Steinþór Hreinsson** **Elín Skarphéðinsdóttir**
**Guðrún Hreinsdóttir**
**Gestur Hreinsson** **Svanhildur Þórsteinsdóttir**
**Hlynur Hreinsson** **Erika Martins Carneiro**
**barnabörn og barnabarnabörn.**




# Lítið höfum við lært

**BAKÞANKAR**
**Kolbeins Óttarssonar Proppé**

Trauðla hefur komið út lærdómsríkara rit síðustu árin en skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis um aðdraganda bankahrunsins. Sé skýrslan lesin með opnum huga, án fyrirframgefinna skoðana um hverjum skuli mest kennt um hrunið, kemur í ljós hvílík brotalöm var á stjórnkerfinu hér á landi. Á það við um embættismenn jafnt sem stjórnmála- og í raun þann ramma sem við höfðum reist í kringum samfélagið.



**SKÝRSLAN** gaf von um breytingar á þessu. Hún var heiðarlegt uppgjör um það sem aflaga fór í stjórnkerfinu og á henni hefði verið hægt að byggja nýtt kerfi. Kerfi gegnsæis og skýrra ferla. Umræðan um kaup Magma Energy á HS orku gefur hins vegar ekki til kynna að margt hafi breyst í stjórnkerfinu.

**SÚ STAÐA** virðist nefnilega vera komin upp að enginn veit hver eru næstu skref, enginn veit hvaða leið á að fara og enginn veit hvað er hægt að gera til að feta sig þá leið, eða hvort á að gera það. Kaupin hafa gengið í gegn án þess að nokkuð hafi verið gert til að stöðva þau og svo virðist reyndar sem þau hafi komið ýmsum á óvart. Stjórnmálamenn hafa hver á fætur öðrum vaknað upp við þann vonda draum að staða sem þeim finnst ótæk er komin upp í málefnum fyrirtækisins. Sumum jafnvel svo ótæk að þeir tala um að líf stjórnarinnar velti á því að henni sé breytt. Þá hafa ráðherrar kvartað yfir málinu og nú er rætt um rannsókn á söluferlinu öllu saman.

**EFTIRÁRANNSÓKNIR** eru hinar ágætustu og geta dregið ýmislegt fram í dagsljósið. Rannsóknarskýrslan er gott dæmi þar um. Það þarf hins vegar engum blöðum um það að fletta að betra hefði verið að losna við þær aðstæður sem kölluðu á þá skýrslu. Betra hefði verið ef ljóst hefði verið hvað var að gerast og hvernig, þá hefði jafnvel verið hægt að koma í veg fyrir það.

**ÞAÐ ERU** því vonbrigði að sú staða sé upp komin, í jafnmikilvægu máli og raun ber vitni, að verið sé að bagsa við það eftir á að lappa upp á málið, bjarga því sem bjargað verður. Af hverju var til að mynda ekki kannað áður en kaupin gengu í gegn hvort Magma Energy í Svíþjóð væri skúffufyrirtæki eða ekki? Hefði ekki verið betra að gera það þá en eftir á? Skýrar reglur og gagnsæi hafa því miður verið fjarri þegar kemur að stefnu stjórnvalda í málinu. Lítið höfum við lært.

## myndasögur

**Pondus** — Eftir Frode Overli




**Gelgjan** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** — Eftir Tony Lopes




**Barnalán** — Eftir Kirkman/Scott



# Tölvufyrirtæki velja Fréttablaðið

Reyndir auglýsendur eru meðvitaðir um þá staðreynd að 95% dagblaðalesenda lesa Fréttablaðið. Þeir vita líka að Morgunblaðið bætir einungis 5% við þann hóp. Auglýsingaféð nýtist því betur þegar Fréttablaðið er valið – og það skilar árangri!

| | Fréttablaðið | Morgunblaðið |
|---|---|---|
| EJS | 100% | 0% |
| TÖLVU OG VERKFRÆÐIÞJÓNUSTAN | 60% | 40% |
| SKÝRR | 70% | 30% |
| TÖLVUSKÓLINN ÞEKKING | 96% | 4% |
| WWW.ATT.IS | 100% | 0% |
| NÝI TÖLVU- OG VIÐSKIPTASKÓLINN - NTV | 88% | 12% |
| TÖLVUTEK | 100% | 0% |
| TÖLVULISTINN | 89% | 11% |
| NÝHERJI | 41% | 59% |
| APPLE | 94% | 6% |
| BT | 87% | 13% |
| OPIN KERFI | 86% | 14% |

Heimild: Gagnagrunnurinn „Auglýsingamarkaðurinn í tölum" frá Capacent Gallup 2010.
Fyrirtækin sem eru nefnd að ofan eru meðal 200 auglýsenda sem birta mest af auglýsingum í dagblöðum talið í dálksentimetrum.

## Auglýsing í Fréttablaðinu er allt sem þarf




**5%** Lesa bara Morgunblaðið

**95%** Auglýsing í Fréttablaðinu nær til yfir 95% lesenda blaðanna

**68%** Lesa bara Fréttablaðið

**27%** Lesa bæði Fréttablaðið og Morgunblaðið

Skörun blaðalesturs að meðaltali á dag, mán.-lau., höfuðborgarsvæðið 18-49 ára. – Heimild: Blaðakannanir Capacent nóv 2009 - apr 2010.

Gerber og Nestlé barnamatur kynna með stolti

650 kr. Gildir ekki í Lúxus

BABIES LÚXUS

16 LÚXUS

★★★ -S.V., MBL
★★★★ - News of the World
★★★★ - Timeout London
★★★ - Boston Globe
650 kr. Gildir ekki í Lúxus

PREDATORS

Óttinn rís á ný... í þessum svaklega spennutrylli

650 kr. Gildir ekki í 3D

★★★★★ - Boxoffice Magazine

SHREK 3D

CRUISE DIAZ KNIGHT AND DAY

MISSIÐ EKKI AF HASAR GAMANMYND SUMARSINS

★★★ -T.V, Kvikmyndir.is
★★★ -S.V., MBL
650 kr.

SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| BABIES | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | L |
| BABIES LÚXUS | kl. 4 - 6 | L |
| PREDATORS | kl. 10.45 | 16 |
| PREDATORS LÚXUS | kl. 8 - 10.45 | 16 |
| SHREK 4 3D 3D ÍSL TAL | kl. 3.30 - 5.45 | L |
| SHREK 4 2D ÍSL TAL | kl. 3.30 | L |
| SHREK 4 3D ENSKT TAL | kl. 3.30 - 5.45 | L |
| KNIGHT AND DAY | kl. 8 - 10.30 | 12 |
| GROWN UPS | kl. 5.45 - 8 - 10.20 | L |

facebook.com/smarabio

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| BABIES | kl. 6 - 8 - 10 | L |
| PREDATORS | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| KILLERS | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 12 |
| GROWN UPS | kl. 5.45 | L |
| THE A TEAM | kl. 8 - 10.30 | 12 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| PREDATORS | kl. 8 - 10 | 16 |
| KNIGHT AND DAY | kl. 6 - 8 - 10 | 12 |
| KILLERS | kl. 6 | 12 |

ATH: TILBOÐIN GILDA EKKI Í BORGARBÍÓ

NÝTT Í BÍÓ

LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

600 KR. Í 2D
900 KR. Í 3D

600 KR.

PREDATORS

TILBOÐ í bíó. Gildir á allar sýningar dagsins.

600 KR.

600 KR.

LAUGARÁS BÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| SHREK 4 ENSKT TAL 3D | 4, 6 og 8 | L |
| SHREK 4 ÍSLENSKT TAL 3D | 4 og 6 | L |
| SHREK 4 ÍSLENSKT TAL 2D | 4 | L |
| PREDATORS | 8 og 10 | 16 |
| KNIGHT AND DAY | 5.50, 8 og 10.10 | 12 |
| THE A - TEAM | 10.10 | 12 |

SAMBÍÓIN

FRÁBÆR MYND Í ANDA MATRIX OG JAMES BOND

LEONARDO DICAPRIO

ÞRIÐJA BESTA MYND ALLRA TÍMA -SKV. IMDB.COM

ÞRIÐJUDAGSBÍÓ Í SAMBÍÓUNUM Í DAG KR. 650*

INCEPTION

FROM THE DIRECTOR OF THE DARK KNIGHT

3D SHREK SÆLL ALLA DAGA

"FRÍVIDIN ER ÓTRÚLEGA MÖGNUÐ"

ÞRIÐJUDAGSBÍÓ Í SAMBÍÓUNUM Í DAG KR. 650*

eclipse

ÞRIÐJUDAGSBÍÓ Í SAMBÍÓUNUM Í DAG KR. 650*

BOÐBERI

TOY STORY 3

ÞRIÐJUDAGSBÍÓ Í SAMBÍÓUNUM Í DAG KR. 650*

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| INCEPTION | kl. 4 - 7 - 8 - 10 - 11 | 12 |
| INCEPTION | kl. 2 - 5 - 8 - 11 | |
| SHREK-3D ísl. Tali | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 | L |
| SHREK M/ ísl. Tali | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 | L |
| SHREK M/ ensku Tali | kl. 1:30 - 8 - 10 | L |
| BOÐBERI | kl. 10:30 | 14 |
| TWILIGHT SAGA : ECLIPSE | kl. 8 | 12 |
| NIGHTMARE ON ELM STREET | kl. 10:50 | 16 |
| LEIKFANGASAGA 3 ísl. | kl. 1:30 - 1:50 - 3:40 - 5:50 | L |
| SEX AND THE CITY 2 | kl. 5 - 8 | 12 |

ÞRIÐJUDAGS-BÍÓ Í DAG KR. 650*

*GILDIR EKKI Í VIP, Á ÍSLENSKAR MYNDIR, Á MYNDIR Í 3D OG BEINAR ÚTSENDINGAR

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| INCEPTION | kl. 8 - 10:10 - 11 | 12 |
| SHREK SÆLL ALLA DAGA - 3D ísl. Tali | kl. 3:40 - 5:50 | L |
| SHREK FOREVER AFTER - 3D M/ ensku Tali | kl. 8 | L |
| LEIKFANGASAGA 3 - 3D ísl. Tali | kl. 3:20 - 5:40 | L |
| TOY STORY 3 M/ ensku Tali | kl. 3:20 - 5:40 | L |
| SEX AND THE CITY 2 | kl. 8 | 12 |
| TWILIGHT SAGA : ECLIPSE | kl. 10:50 | 12 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| INCEPTION | kl. 8 - 11 | 12 |
| SHREK SÆLL ALLA DAGA - 3D ísl tal | kl. 6 | L |
| LEIKFANGASAGA 3 - ísl tal | kl. 6 | L |
| TWILIGHT SAGA : ECLIPSE | kl. 8 | 12 |
| BOÐBERI | kl. 10:30 | 14 |

SAMBÍÓIN SELFOSSI

| | | |
|---|---|---|
| INCEPTION | kl. 5 - 8 - 11 | 12 |
| SHREK SÆLL ALLA DAGA M/ ísl. Tali | kl. 6 - 8 | L |
| GROWN UPS | kl. 10:10 | L |


# Aldurinn ekkert vandamál

Spænsku leikkonunni Penélope Cruz finnst ekkert tiltökumál að eldast og lýgur þess vegna aldrei til um aldur sinn.

Cruz, sem er 36 ára, segist aldrei ætla að fara til lýtalækna og tekur mark á ömmum sínum þegar kemur að viðhorfum til aldursins. „Ég lýg aldrei til um aldur minn. Þegar ég lít í kringum mig á þær leikkonur sem ég ber mesta virðingu fyrir hefur engin þeirra barist gegn auknum árafjölda, heldur tekið á móti árunum með opnum örmum. Þetta eru konur eins og Sophia Loren og Audrey Hepburn,“ sagði Cruz. „Ég var mjög náin báðum ömmum mínum þegar ég var að alast upp. Þær lifðu lengi og komu alltaf yndislega fram við mig. Þær elskuðu lífið og það sást á andlitum þeirra. Auðvitað mun andlit mitt breytast þegar ég eldist en það er allt í lagi,“ sagði hún og bætti við: „Fólkið sem þykir vænt um mig gerir það vegna þeirrar manneskju sem ég er. Það elskar mig vegna alls konar hluta sem fær fólk til að elska aðra manneskju. Þessir hlutir verða enn þá til staðar þegar ég verð 40, 60 eða 80 ára.“



**PENÉLOPE CRUZ** Spænsku leikkonunni finnst ekkert tiltökumál að eldast og lýgur aldrei til um aldur sinn.



**GLÆSILEG HJÓN** Orlando Bloom og Miranda Kerr eru komin heim til Los Angeles eftir brúðkaupsferð til eyjarinnar Anguilla.

# Heim úr brúðkaupsferð

**Leikarinn Orlando Bloom og undirfatafyrirsætan Miranda Kerr eru nýkomin heim til Los Angeles úr brúðkaupsferð til eyjarinnar Anguilla í Karíbahafi.**

Papparassar sátu um Orlando Bloom og Miröndu Kerr þegar þau komu brosandi heim úr brúðkaupsferðinni frá Anguilla á sunnudaginn. Bæði voru þau að sjálfsögðu með brúðkaupshringa á fingrunum, auk þess sem Kerr, sem er 27 ára, skartaði risastórum demantshring.

Brúðkaup þeirra á dögunum var leynilegt, fjarri sviðsljósi fjölmiðlanna. Aðeins mánuður er síðan hinn 33 ára Bloom bar upp bónorðið eftir að hafa fengið leyfi frá foreldrum hennar, samkvæmt fornum sið. Móðir Kerr segir tengdason sinn sannan herramann og er hæstánægð með uppátækið. „Orlando sýndi hversu mikill herramaður hann er með því að fylgja hefðinni og biðja um hönd Miröndu. Við hikuðum ekki við að samþykkja beiðnina,“ sagði Therese Kerr. „Þau eru æðislegt par. Þau eru mjög ástfangin og ná að laða fram það besta hvort hjá öðru. Við höfum alltaf óskað þess að börnin okkar séu heilbrigð og hamingjusöm og Miranda hefur aldrei verið heilbrigðari og hamingjusamari.“

> Hann hlýtur að vera indælispiltur því annars væri Miranda ekki með honum. Ég óska þeim alls hins besta. Hún er alveg yndisleg frá toppi til táar
>
> **ANN KERR**
> AMMA MIRÖNDU KERR

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem tengdafjölskylda Blooms hrósar honum í hástert því stutt er síðan Ann Kerr, amma Miröndu, lýsti yfir ánægju sinni með Hollywood-hjartaknúsarann. „Við erum mjög ánægð fyrir hennar hönd. Þegar við erum öll saman sé ég hve hann veitir Miröndu mikla athygli. Hann hlýtur að vera indælispiltur því annars væri Miranda ekki með honum. Ég óska þeim alls hins besta. Hún er alveg yndisleg frá toppi til táar,“ sagði Ann Kerr.

Bloom og Kerr byrjuðu saman seint á árinu 2007 eftir að Kerr hafði ítrekað neitað að láta Bloom fá símanúmerið sitt vegna þess að hún var þá að hitta annan mann. Þau sáust fyrst saman opinberlega í apríl 2008 og síðan þá hafa þau verið mynduð við hin ýmsu tækifæri, enda afar glæsilegt par að margra mati.

Kerr er á meðal tíu tekjuhæstu fyrirsætna í heiminum og Orlando leikur næst í ævintýramyndinni Skytturnar þrjár sem kemur út á næsta ári.

# Þreyttar á Lohan

Meðfangar Lindsay Lohan í kvennafangelsinu í Lynwood eru orðnar þreyttar á fangelsisdvöl leikkonunnar. Segja þær hana vera prímadonnu og eru orðnar þreyttar á allri öryggisgæslunni sem fylgir leikkonunni. Munu ferðir Lohan innan fangelsisins vera vel vaktaðar og aðrir fangar fá ekki að koma nálægt henni. Flestir fanganna munu bíða spenntir eftir að Lohan sleppi út sem fyrst til að hverdagsleikinn bak við rimlana geti gengið sinn vanagang.

Þær gætu ekki þurft að bíða lengi því orðrómur er á sveimi um að Lohan verði sleppt í vikunni.



**LINDSEY LOHAN** Aflar sér ekki mikilla vinsælda meðal meðfanga sinna.

FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# Aflýst vegna ástarsorgar

**Breska söngkonan Leona Lewis hefur aflýst tónleikaferð sinni um Ástralíu, Asíu og Evrópu. Hún er að jafna sig á skilnaði við kærastann sinn til tíu ára og er ekki tilbúin í stóra tónleikaferð. Þess í stað ætlar hún að einbeita sér að vinnu í hljóðveri á næstunni. „Leona var ekki með hugann alveg við efnið undir lok tónleikaferðar sinnar um Bretland. Hún var ekki komin yfir sambandsslitin við Lou. Hún hafði verið með honum í tíu ár. Hann átti að vera stóra ástin hennar,“ sagði heimildarmaður. „Það síðasta sem hún vildi var að vera fjarri vinum og vandamönnum.“**

# Hefur þú séð þrjár bestu myndir ársins?









## > Heil umferð í Pepsi-deild kvenna



Í kvöld fara fram fimm leikir í Pepsi-deild kvenna en Íslands- og bikarmeistarar Vals geta styrkt stöðu sína á toppi deildarinnar með sigri á Fylki í Árbænum í kvöld. Valur er nú með sex stiga forystu á Breiðablik sem er í öðru sæti og á erfiðan útileik gegn Stjörnunni í kvöld. Þór/KA er í þriðja sætinu og mætir Haukum á heimavelli. Haukar eru á botni deildarinnar ásamt FH sem tekur á móti Aftureldingu og að síðustu eigast við lið KR og Grindavíkur í vesturbænum.

# sport
sport@frettabladid.is

**ARI FREYR SKÚLASON:** SKORAR OG SKORAR ÚR AUKASPYRNUM OG VEKUR ATHYGLI FÉLAGA Í EVRÓPU

## *Ég er að reyna að spila mig frá Superettan*



Ari Freyr Skúlason tryggði Sundsvall frá Svíþjóð sigur um helgina með glæsilegu marki beint úr aukaspyrnu. Þetta var sjöunda mark Ara í næstefstu deild Svíþjóðar í sumar en auk þess hefur hann gefið þrjár stoðsendingar og verið með betri mönnum liðsins sem er í öðru sæti.

„Ég hef skorað úr sex aukaspyrnum í ár," segir Ari við Fréttablaðið en hann segir að aukaæfingarnar séu að skila sér. „Ég fer oft og æfi mig eftir æfingar og hef gert það öll þessi ár."

Fyrr á þessu ári lenti hann í miklum erfiðleikum þegar hann var að ganga frá nýjum samningi við félagið.

„Þeir reyndu að keyra yfir mig eins og ég væri smákrakki. Ég stóð í stappi við þá í heilan mánuð en á endanum fékk ég Ólaf Garðarsson til að aðstoða mig. Þá gekk þetta loksins upp. Ég skrifaði bara undir samninginn til að geta losnað eftir tímabilið," segir Ari.

Hann vildi klásúlu í samninginn um að hann gæti farið ef boð upp á 1,5-2 milljónir sænskra króna, 25-34 milljónir íslenskra króna, kæmi til Sundsvall. „Óli hjálpaði mér mjög mikið. Ég skrifaði undir þetta, annars hefði ég bara setið á bekknum og ég nennti því ekkert. Ég er bara með fast verð og þetta er ekki mikið fyrir mann sem stendur sig vel," segir Ari.

En hver er óskastaðurinn til að búa á næst? „Allt fyrir utan Svíþjóð," segir Ari og hló létt. „Ég hef heyrt af áhuga félaga, AIK í Stokkhólmi sem varð meistari í fyrra er eitt þeirra en ég efast um að því verði fylgt eftir. Efsta deildin í Svíþjóð er kannski möguleiki en það má ekki vera hvaða félag sem er. Ég nenni ekki lengur þessum jójó-pakka fram og til baka," segir Ari.

„Við kærastan erum á því að það sé kominn tími á að flytja okkur um set," segir Ari en skötuhjúin stefna þá á að vera búin að koma sér fyrir á nýjum stað fyrir áramót.

„Kærastan er sú sem klæðir mig á morgnana og eldar ofan í mig. Ég veit ekki hvar ég væri án hennar. Við búumst þó ekki við því að þetta skýrist fyrr en eftir tímabilið," sagði Ari.

**Keflavík 1-1 Grindavík**

Sparisjóðsvöllur, áhorf.: 1.377 Einar Örn Daníelsson (7)

*0-1 Gilles Mbang Ondo (8.)*
*1-1 Jóhann B. Guðmundsson (9.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 16–13 (6–9) |
| Varin skot | Ómar 8 – Óskar 3 |
| Horn | 6–4 |
| Aukaspyrnur fengnar | 18–12 |
| Rangstöður | 4–4 |

| **KEFLAVÍK** 4–5–1 | | **GRINDAV.** 4–5–1 | |
|---|---|---|---|
| Ómar Jóhannsson | 7 | Óskar Pétursson | 5 |
| Guðjón Antoníusson | 5 | Loic Mbang Ondo | 4 |
| Haraldur Freyr Guðm. | 7 | (55. Grétar Hjartars. | 4) |
| Bjarni Hólm Aðalst. | 5 | Auðun Helgason | 7 |
| Alen Sutej | 6 | Orri Freyr Hjaltalín | 7 |
| Einar Orri Einarsson | 6 | Jósef Kr. Jósefsson | 5 |
| Paul McShane | 6 | Jóhann Helgason | 6 |
| (90. Bojan Ljubicic | -) | Matthías Ö. Friðrikss. | 5 |
| Magnús S. Þorsteinss. | 5 | (76. Ólafur Örn Bj. | -) |
| (89. Sigurbergur E. | -) | Ray Anthony Jónsson | 5 |
| Hólmar Örn Rúnarss. | 6 | Scott Ramsay | 5 |
| ***Jóhann B. Guðm.** | **7** | Hafþór Ægir Vilhj. | 4 |
| (68. Hörður Sveinss. | 4) | (68. Óli B. Bjarnas. | 5) |
| Magnús Þ. Matthíass. | 6 | Gilles Mbang Ondo | 6 |

*Maður leiksins

# Áttum leikinn frá A til Ö

**Sóknarmenn Keflavíkur voru ekki á skotskónum í nágrannaslagnum á móti Grindavík í gær. Gestirnir geta þakkað fyrir 1-1 jafntefli en fengu líka sín færi.**

**FÓTBOLTI** Keflvíkingar þurfa enn að bíða eftir fyrsta sigurleiknum á heimavelli sínum eftir að þeir tóku Sparisjóðsvöllinn sinn í gegn. Keflvíkingar fengu heldur betur færin til þess að vinna nágranna sína í gær en sigurmarkið leit ekki dagsins ljós og því hefur Keflavíkurliðið aðeins náð í 7 stig af síðustu 27 mögulegum.

Leikurinn byrjaði mjög fjörlega, bæði lið fengu ágæt færi á upphafsmínútunum og skoruðu síðan bæði á innan við mínútu millibili.

Gilles Ondo kom Grindavík fyrst í 1-0 eftir stungusendingu Jóhanns Helgasonar sem lék á rangstöðuvörn Keflavíkur. Jósef Jósefsson komst þá í gegn og lagði boltann á Gilles sem skoraði í tómt markið.

Keflvíkingar brunuðu strax í sókn og Magnús Þórir Matthíasson fann Jóhann Birni Guðmundsson í teignum og Jóhann skoraði með laglegu og óverjandi skoti.

Keflvíkingar byrjuðu seinni hálfleikinn af miklum krafti og tóku öll völd á vellinum. Magnús Þórir Matthíasson fékk tvö góð færi og Auðun Helgason bjargaði á marklínu frá Jóhanni Birni.

Grindvíkingar voru í hálfgerðri nauðvörn um tíma en tókst að verjast pressu Keflvíkinga. Vakandi miðverðir, Auðun Helgason og Orri Freyr Hjaltlín, unnu þar gott starf en Keflvíkingar hefðu líka mátt gera betur í mörgum færanna.

Ólafur Örn Bjarnason var mættur á hliðarlínuna hjá Grindvíkingum í aðeins þriðja sinn þrátt fyrir að hafa verið þjálfari liðsins síðan í lok maí. Nú var Ólafur líka kominn með leikheimild sem hann nýtti sér þegar hann kom inn á sem varamaður 16 mínútum fyrir leikslok. Liðið fékk nokkrar ágætar skyndisóknir á lokamínútunum en tókst ekki að stela sigrinum.



**WILLUM ÞÓR** Þjálfari Keflvíkinga bíður enn eftir fyrsta sigrinum á nýja heimavellinum.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Í seinni hálfleik liggur mikið á okkur. Við vissum að það yrði legið á okkur en mér fannst þeir skapa sér óþarflega mikið af opnum færum. Við náðum ekki að loka nægjanlega á þá en við vorum alltaf að ógna þeim fram á við. Það vantaði oft herslumuninn að við kæmust í gegn og svo komumst við tvisvar í gegn í lokin og hefðum getað stolið þessu. Hefðu þeir nýtt sín færi þá hefðum við tapað þessum leik og við verðum því bara að þakka fyrir þetta eina stig og taka það með okkur því það er betra en ekki neitt," sagði Ólafur Örn Bjarnason, spilandi þjálfari Grindavíkur, eftir leikinn.



**FYRIRLIÐINN** Orri Freyr Hjaltalín, leikmaður Grindavíkur.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Keflvíkingar eru aðeins búnir að vinna einn af síðustu níu deildarleikjum eða frá því að þeir voru með góða forustu á toppnum í byrjun júní. Þeir fengu færin til að taka öll stigin í gær en vantar augljóslega markaskorarann til þess að koma boltanum yfir línuna.

Haraldur Guðmundsson, fyrirliði liðsins, var líka svekktur í leikslok. „Eins og þessi leikur var fyrir mér þá áttum við hann frá A til Ö. Þeir komust reyndar í 1-0 en við svöruðum strax til baka og áttum síðan að klára þennan leik," sagði Haraldur.

„Við fáum aragrúa af færum, skot fyrir utan og föst leikatriði en þetta var bara enn og aftur svona hjá okkur. Þeir eiga einhver fjögur stórhættuleg færi en þau koma af því að við erum að pressa þá niður í kok. Við þurftum bara að þrykkja inn þessu eina marki sem kom ekki," sagði Haraldur.

ooj@frettabladid.is



**16 AF 114 GEGN VAL** Tryggvi Guðmundsson hefur spilað vel með ÍBV.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Tryggvi Guðmundsson:

## Búinn að skora sextán gegn Val

**FÓTBOLTI** Tryggvi Guðmundsson tryggði Eyjamönnum toppsætið í Pepsi-deild karla yfir Þjóðhátíð með því að skora tvö mörk í 3-1 sigri á Val á Hásteinsvellinum á sunnudaginn.

Þetta eru langt frá því að vera fyrstu mörkin hans á móti Val í efstu deild því Tryggvi hefur nú skorað 16 mörk í 20 leikjum á móti Val. Þetta er það langmesta sem Tryggvi hefur skorað á móti einu félagi en hann skoraði næstmest 12 mörk á móti Fram.

Tryggvi hefur alls skorað 114 mörk á móti 18 félögum í efstu deild þar á meðal eitt mark á móti ÍBV. Selfoss bættist í hópinn þegar hann skoraði tvö mörk gegn þeim fyrr í sumar. **- óój**

Steinþór Freyr í Svíþjóð:

## Til skoðunar hjá Örgryte

**FÓTBOLTI** Steinþór Freyr Þorsteinsson, leikmaður Stjörnunnar, er nú í Svíþjóð þar sem hann er á reynslu hjá B-deildarliði Örgryte. Steinþór á að baki fjóra leiki með A-landsliði Íslands og hefur verið einn besti leikmaður Pepsi-deildar karla undanfarið. Þetta kom fram á Fótbolti.net í gær. **- esá**

**PEPSI-DEILDIN**

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **ÍBV** | **13** | **9** | **2** | **2** | **22-10** | **29** |
| Breiðablik | 13 | 8 | 2 | 3 | 29-16 | 26 |
| **FH** | **13** | **6** | **4** | **3** | **24-19** | **22** |
| Fram | 13 | 5 | 5 | 3 | 21-18 | 20 |
| **Keflavík** | **13** | **5** | **5** | **3** | **13-14** | **20** |
| Valur | 13 | 4 | 6 | 3 | 21-21 | 18 |
| **Stjarnan** | **13** | **4** | **5** | **4** | **23-21** | **17** |
| KR | 12 | 4 | 4 | 4 | 20-18 | 16 |
| **Fylkir** | **12** | **4** | **3** | **5** | **24-24** | **15** |
| Grindavík | 13 | 2 | 3 | 8 | 13-23 | 9 |
| **Selfoss** | **13** | **2** | **2** | **9** | **15-29** | **8** |
| Haukar | 13 | 0 | 7 | 6 | 16-28 | 7 |

**NÆSTU LEIKIR**

| | |
|---|---|
| **Breiðablik - Valur** | **mið. 4. ágúst kl. 19:15** |
| ÍBV - FH | fim. 5. ágúst kl. 19:15 |
| **Grindavík - Fram** | **fim. 5. ágúst kl. 19:15** |
| Haukar - Selfoss | fim. 5. ágúst kl. 19:15 |
| **Fylkir - Keflavík** | **fim. 5. ágúst kl. 19:15** |
| KR - Stjarnan | fim. 5 ágúst kl. 19:15 |


Fáðu ráðgjöf um tímareimaskipti

**Er tímareimin komin á tíma?**

Fast verð hjá Vélalandi

Skoðaðu fast verð hjá Vélalandi. Hringdu núna í síma 515 7170 og pantaðu tíma.

**Verðdæmi um tímareimaskipti:**

**Nissan Patrol 2,8 dísil** Árgerð 1992-2000
Heildarverð, varahlutur og vinna: 61.824 kr.

**Toyota Land Cruiser 90 3,0TD** Árgerð 1997-2002
Heildarverð, varahlutur og vinna: 44.257 kr.

**Ford Focus 1,6 bensín** Árgerð 1998-2005
Heildarverð, varahlutur og vinna: 44.177 kr.

**Toyota Corolla 1,6 bensín** Árgerð 1997-2001
Heildarverð, varahlutur og vinna: 48.248 kr.

**Renault Kangoo 1,4 bensín** Árgerð 1998-2005
Heildarverð, varahlutur og vinna: 56.725 kr.

Vara þessa tilboðs er eftirmarkaðsvara (non-OEM/ekki original)

**Skoðaðu www.velaland.is**

Vélaland sérhæfir sig í tímareimum.
Komdu í Vélaland og fáðu ráðgjöf um skiptingu á tímareim. Vélaland skiptir fljótt og vel um tímareimina fyrir þig, á föstu verði.

**Sjáðu hvar við erum. Hringdu núna í síma 515 7170 og pantaðu tíma.**




**Opið virka daga kl. 8:00 til 17:00**

**VÉLALAND**


Hermann Hreiðarsson er óðum að ná sér og gæti spilað aftur í október:

# Neitaði tilboði Portsmouth og byrjar að ræða við önnur félög

**FÓTBOLTI** Hermann Hreiðarsson hefur neitað samningstilboði frá Portsmouth. Ólafur Garðarsson, umboðsmaður landsliðsfyrirliðans, segir að langt sé á milli óska Hermanns og þess sem félagið var tilbúið að bjóða honum.

„Við eigum fund með öðru félagi á miðvikudaginn," sagði Ólafur við Fréttablaðið. Hann var þó ófáanlegur til að segja frá því um hvaða félag væri að ræða eða hvort það væri í úrvalsdeildinni eða ekki.

„Það hefur verið áhugi úr úrvalsdeildinni," staðfesti Ólafur sem segir að mörg félög hafi áhuga á Hermanni, bæði á Englandi og utan þess.

„Þetta snýst ekki um peninga hjá honum, ekki síður snýst þetta um til að mynda staðsetningu.



**STERKUR** Hermann stefnir á að snúa aftur í október. Með hvaða liði er enn óljóst.
FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Hann gerir það sem hann þarf að gera en það væri fínt ef hann þyrfti ekki að flytja langt," sagði Ólafur. Portsmouth er á suðurhluta Englands, um 100 kílómetra frá London.

Portsmouth vill ekki missa Hermann en fjárhagsstaða klúbbsins er erfið eftir að hann fór í greiðslustöðvun. Ólafur átti von á að framtíð Eyjamannsins myndi skýrast fljótlega.

Hermann meiddist illa undir lok tímabilsins þegar hann sleit hásin. Ólafur sagðist búast við því að Hermann gæti spilað aftur í október. „Ég er reyndar ekki læknir en endurhæfingin gengur vel og þetta lítur vel út," sagði lögfræðingurinn og umboðsmaðurinn Ólafur. **- hþh**

# VERÐLÆKKUN Á SUMARVÖRUM

## allt að 50% afsláttur

Takmarkað magn í nokkra daga.
Úrval getur verið mismunandi milli verslana.



30% afsláttur af öllum tjöldum



40% afsláttur

Vnr. 41622134
**Kollur**
Álkollur, fellanlegur.
Fullt verð: 1.690
**990**



20% afsláttur

Vnr. 50632113
**Ferða-kolagrill**
ELEGANT UNION Kettle ferðakolagrill. Hægt að leggja fætur undir grillið.
Fullt verð: 4.990
**3.990**



20% afsláttur

Vnr. 88015972/4
**Svefnpoki**
Svefnpoki -5°, grár eða dökkblár. Stærð: 200x80 cm.
Fullt verð: 3.490
**2.790**



50% afsláttur

Vnr. 41621580
**Borð og bekkir**
Borð og bekkir, samanbrjótanlegt, 85x133 cm, fyrir börn. Blátt, ál og plast.
Fullt verð: 4.990
**2.495**



20% afsláttur

Vnr. 87977171
**Kælibox**
Kælibox með rafmagni, 12, 45 l.
Fullt verð: 24.990
**19.990**



23% afsláttur

28" REIÐHJÓL

Vnr. 49620200
**Götuhjól**
28" götureiðhjól fyrir karla, 6 gíra með brettum og bögglabera.
Fullt verð: 29.990
**22.900**



50% afsláttur af öllum sumarblómum

Fást í BYKO Breidd, Kauptúni og Granda.

25% afsláttur

VIÐHALDSFRÍTT GARÐSETT, 6 STÓLAR OG BORÐ!



Vnr. 41622122
**Garðsett**
**59.990**
Fullt verð: 79.990
Garðsett úr áli, plasthúðuð viðaráferð, 6 stólar og borð, 151x92 cm, viðhaldsfrítt.



25% afsláttur

Vnr. 41616014
**Garðsett**
KOHLS garðsett, borð, 55x55 cm, 2 stólar.
Fullt verð: 12.990
**9.742**



30% afsláttur

Vnr. 41622106
**Sólbekkur**
Sólbekkur, plast/ bast, svartur.
Fullt verð: 9.990
**6.990**

## 25% afsláttur af allri viðarvörn

Gildir til 2. ágúst 2010.




BYKO

EXPO · www.expo.is

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl.

> **Julia Louis-Dreyfus**

„Ég hef ekkert annað á dagskránni en að vera fyndin. Hvorki ég né höfundarnir höldum fram einhverjum öðrum veraldlegum sannleika.“

***Julia Louis-Dreyfus verður á skjánum í kvöld á dagskrá Stöðvar 2 í þættinum The New Adventures of Old Christine sem hefst kl. 20.30.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ ROALD EYVINDSSON SÉR BBC LIFESTYLE Í NÝJU OG BETRA LJÓSI

# *Svínarif í eggjahræru eða almennilegt blóðbað*

Eitt af því sem skiptir máli þegar pör hefja sambúð er að sýna makanum skilning og muna að allir eru með sínar hugmyndir um lífið og tilveruna. Mér varð til dæmis snemma ljóst þegar við maðurinn minn hófum sambúð fyrir meira en áratug að þótt báðum þætti gaman að fara í bíó, leigja mynd eða horfa á sjónvarpið hefðum við gjörólíkar hugmyndir um hvað okkur fyndist skemmtilegt að horfa á.

Þannig hef ég aldrei verið sérstaklega gefinn fyrir söngleiki, með fáeinum undantekningum, en uppgötvaði stuttu eftir að ég skipti um póstnúmer að ég hafði flutt inn í söngleikjahelvíti þar sem Miss Saigon dundi alla daga og upptaka af Vesalingunum í London frá 1987 var dregin fram á tyllidögum. Ekki batnaði ástandið þegar við keyptum okkur áskrift að heildarsjónvarpspakka 365 fyrir nokkrum árum og elskulegur kúturinn minn uppgötvaði undur stöðvarinnar BBC Lifestyle (áður Food) þar sem Nigella Lawson og Jamie Oliver ráða ríkjum.



Í fyrstu var mér, sjálfum hryllingsmyndaaðdáandanum, það hrein kvöl og pína að sitja undir þessu öllu saman kvöld eftir kvöld og fyrirmunað að skilja hvernig nokkrum manni dytti í hug að taka steikt svínarif í eggjahræru fram yfir almennilegt blóðbað í sjónvarpinu. Eða þar til ég fór að gefa mér tíma til að horfa á þetta af einhverju viti og varð smám saman ljóst að margt var ekki algalið og sumt reyndar nokkuð skemmtileg. Einkum varð ég að endurskoða afstöðu mína til matreiðsluþáttanna sem eru mér nú næstum jafn hugleiknir og manninum mínum – sérstaklega eftir að mér varð ljóst að margt af því sem ég hef borðað með bestu lyst í gegnum tíðina hafði ratað beint af BBC á diskinn hjá mér.

## ÞRIÐJUDAGUR



**19.45** King of Queens SKJÁR EINN



**20.00** Zoolander STÖÐ 2 BÍÓ



**20.10** Að duga eða drepast SJÓNVARPIÐ



**20.15** Ally McBeal STÖÐ 2 EXTRA



**22.05** Gavin and Stacey STÖÐ 2

## SJÓNVARPIÐ

**16.05 Stiklur – Eyðibyggð** (e)
**17.05 Íslenski boltinn** (e)
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Múmínálfarnir**
**18.30 Jimmy Tvískór** (15:26)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Að duga eða drepast** (11:20) Make It or Break It) Bandarísk þáttaröð um ungar fimleikadömur sem dreymir um að komast í fremstu röð og keppa á ólympíuleikum.
**20.55 Ljósmæðurnar** (1:8) (Barnmorskorna) Sænsk þáttaröð um erilsamt starf ljósmæðra á Karolinska háskólasjúkrahúsinu í Huddinge.
**21.25 Doktor Ása** (1:8) (Dr. Åsa) Sænsk þáttaröð um heilsu og heilbrigðan lífsstíl.
**22.00 Tíufréttir**
**22.10 Veðurfréttir**
**22.20 Hafinn yfir grun** (Above Suspicion) Bresk sakamálamynd í tveimur hlutum. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.10 Íslenska golfmótaröðin** Þáttaröð um Íslandsmótið í golfi. Framleiðandi: Saga film.
**23.55 Popppunktur** (Skriðjöklar - Gildran) (e)
**00.45 Kastljós** (e)
**01.15 Fréttir** (e)
**01.25 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 Good Night, and Good Luck**
**10.00 The Secret Life of Words**
**12.00 Unstable Fables: 3 Pigs & a Baby**
**14.00 The Secret Life of Words**
**16.00 Good Night, and Good Luck**
**18.00 Unstable Fables: 3 Pigs & a Baby**
**20.00 Zoolander**
**22.00 Disturbia**
**00.00 Witness**
**02.00 Lady Vengeance**
**04.00 Disturbia**
**06.00 Forgetting Sarah Marshall**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Strumparnir, Bratz
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 Einu sinni var** (22:22)
**10.55 Tískulöggurnar**
**11.45 Wipeout** (11:11)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Worst Week** (14:16)
**13.25 Agatha Christie - Ordeal By Innocence** Spennandi glæpamynd byggð á sögu eftir Agöthu Christie.
**15.00 Sjáðu**
**15.25 Barnatími Stöðvar 2** Risaeðlugarðurinn, Ben 10, Strumparnir, Þorlákur
**17.08 Bold and the Beautiful**
**17.33 Nágrannar**
**17.58 The Simpsons** (8:21)
**18.23 Veður** Markaðurinn.
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.09 Veður**
**19.15 Two and a Half Men** (12:24)
**19.40 How I Met Your Mother** (10:22)
**20.05 How I Met Your Mother** (23:24)
**20.30 The New Adventures of Old Christine** (2:22)
**20.55 Cougar Town** (7:24)
**21.20 White Collar** Spennu- og gamanþáttur um sjarmörinn og svikahrappinn Neil Caffrey.
**22.05 Gavin and Stacy** (3:7) Önnur þáttaröðin af þessari bresku gamanþáttaröð og sem áður er rómantíkin allsráðandi.
**22.35 Talk Show With Spike Feresten** (2:22)
**22.55 Gossip Girl** (17:22)
**23.40 Mercy** (13:22)
**00.25 Ghost Whisperer** (23:23)
**01.10 True Blood** (5:12)
**02.05 Cathouse** Djarfur heimildarþáttur frá HBO.
**02.35 Mercenary for Justice** Hörkugóð hasarmynd með Steven Seagal.
**04.10 Agatha Christie - Ordeal By Innocence**
**05.45 Fréttir og Ísland í dag** (e)

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Keflavík - Grindavík** Útsending frá leik Keflavíkur og Grindavíkur í Pepsídeild karla í knattspyrnu.
**17.15 Keflavík - Grindavík** Útsending frá leik Keflavíkur og Grindavíkur í Pepsídeild karla í knattspyrnu.
**19.05 Pepsímörkin 2010** Sýnt frá öllum leikjum Pepsí-deildar karla og sérfræðingar Stöðvar 2 Sport, þeir Tómas Ingi og Maggi Gylfa, verða að sjálfsögðu á sínum stað. Allir leikirnir, öll mörkin og allt það helsta skoðað í þaula.
**20.15 Leeds - Tottenham** Útsending frá leik Leeds og Tottenham í ensku bikarkeppninni.
**22.00 RBC Canadian Open** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA mótaröðinni í golfi. Öll mót ársins á PGA mótaröðinni krufin til mergjar.
**22.55 Poker After Dark** Margir af snjöllustu pókerspilurum heims mæta til leiks í Texas Holdem.
**23.40 UFC Unleashed** Í þessum þáttum eru bestu bardagar í sögu Ultimate Fighting Champion skoðaðir.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**18.00 Premier League World 2010/11** Áhugaverður þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá hinum ýmsu óvæntu og skemmtilegum hliðum.
**18.30 1001 Goals** Bestu mörk úrvalsdeildarinnar frá upphafi.
**19.30 Football Legends** Frábær þáttur um marga af bestu knattspyrnumönnum sögunnar en í þessum þætti verður fjallað um hinn snjalla og skemmtilega leikmann Alfonso.
**19.55 PL Classic Matches: Arsenal - Man United, 1998**
**20.25 Brasilía - N-Kórea** Útsending frá leik Brasilíu og Norður-Kóreu á HM 2010.
**22.10 Grikkland - Nígería** Útsending frá leik Grikklands og Nígeríu á HM 2010.

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Rachael Ray** (e)
**09.30 Pepsi MAX tónlist**
**17.05 Rachael Ray**
**17.50 Dr. Phil**
**18.35 Girlfriends** (15:22) (e)
**18.55 H2O** (20:26) Skemmtileg unglingaþáttaröð um þrjár sextán ára stelpur sem hugsa um fátt annað en föt, ströndina og stráka.
**19.20 America's Funniest Home Videos** (19:46) Bráðskemmtilegur fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru fyndin myndbrot sem venjulegar fjölskyldur hafa fest á filmu.
**19.45 King of Queens** (15:23) Bandarískir gamanþættir um turtildúfurnar Doug og Carrie.
**20.10 Survivor** (10:16) Bandarísk raunveruleikasería þar sem venjulegt fólk þarf að þrauka í óblíðri náttúru og keppa innbyrðis þar til aðeins einn stendur eftir sem sigurvegari. Í þessum þætti kemur upp eitt áhugaverðasta atvik í sögu Survivor.
**21.00 Eureka** (11:18) Bandarísk þáttaröð sem gerist í litlum bæ þar sem helstu snillingum heims verið safnað saman og allt getur gerst. Það er eitthvað undarlegt á seyði í Eureka og íbúar bæjarins fá heimsókn að handan.
**21.50 In Plain Sight** (6:15) Sakamálaseríа um hörkukvendi sem vinnur fyrir bandarísku vitnaverndina. Stan er bendlaður við morð á fyrsta vitninu sem var undir hans verndarvæng. Mary og Marshall rannsaka málið og komast á snoðir um ástarþríhyrning sem staðið hefur í 20 ár.
**22.35 Jay Leno**
**23.20 CSI** (22:23) (e)
**00.10 King of Queens** (15:23) (e)
**00.35 Pepsi MAX tónlist**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing**
**21.00 Græðlingur**
**21.30 Tryggvi Þór á Alþingi**
**22.00 Hrafnaþing**
**23.00 Græðlingur**
**23.30 Tryggvi Þór á Alþingi**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 21.20

**White Collar**



Spennu- og gamanþáttur um sjarmörinn og svikahrappinn Neil Caffrey. Hann er svokallaður góðkunningi lögreglunnar og þegar hann er gómaður í enn eitt skiptið sér hann sér leik á borði og býður lögreglunni þjónustu sína við það að hafa hendur í hári annarra svikahrappa og hvítflibbakrimma gegn því að komast hjá fangelsisvist.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### The New Adventures of Old Christine

**Stöð 2 kl. 20.30**



Fjórða þáttaröðin um Christine sem er fráskilin og einstæð móðir sem lætur samviskusemi og óþrjótandi umhyggju í garð sinna nánustu koma sér í eilíf vandræði. Sérstaklega á hún erfitt með að slíta sig frá fyrrverandi eiginmanni sínum sem hún á í vægast sagt nánu og sérkennilegu sambandi við.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.03** Morgunfrúin
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Tónlist fólksins
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Hádegisútvarpið
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir
**13.00** Flakk
**14.03** Tónar að nóni
**15.03** Útvarpssagan: Hótelsumar
**15.25** Þriðjudagsdjass
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** Á sumarvegi
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.22** Syrpan
**18.50** Veðurfregnir
**18.53** Dánarfregnir
**19.00** Stefnumót
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Í heyranda hljóði
**21.30** Kvöldsagan: Vatnaniður
**22.05** Veðurfregnir
**22.10** Orð kvöldsins
**22.15** Fnykur
**23.10** Sumar raddir
**00.05** Næturtónar

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 91,9** Kaninn
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7**FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

## 2 EXTRA

**19.30 The Doctors** Skemmtilegir spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir læknar – sérfræðingar á fjórum ólíkum sviðum – veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um þau heilsufarsmál sem hvað helst brenna á okkur.

▶**20.15 Ally McBeal** (17:22) Liza og Cage verja konu sem ákærð er fyrir tvíkvæni og Nell og myndarlegur nýr lögfræðingur fara með mál konu sem hefur kært eiginmann sinn fyrir kynferðislega áreitni.

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 Ísland í dag**

**21.45 Glee** (21:22) Frábær gamanþáttaröð sem gerist í menntaskóla þar sem metnaðarfullur kennari og fyrrverandi nemandi skólans ákveður að setja aftur saman sönghóp skólans sem gerði einmitt stormandi lukku í sönghópakeppnum á árum áður.

**22.30 So You Think You Can Dance** (10:23) Úrslitaslagurinn heldur áfram og aðeins 9 bestu dansararnir eru eftir í keppninni. Keppendur þurfa því að leggja enn harðar af sér til að eiga möguleika á að halda áfram.

**23.55 So You Think You Can Dance** (11:23) Nú kemur í ljós hvaða keppendur halda áfram og eiga áfram von um að vinna þessa stærstu danskeppni Bandaríkjanna.

**00.40 Torchwood** (5:13) Ævintýralegur spennuþáttur í anda Men in Black og X-Files um sérsveit sem tekur að sér mál sem eru svo undarleg að ómögulegt er fyrir óbreytta laganna verði að upplýsa.

**01.30 Ally McBeal** (17:22)

**02.15 The Doctors**

**03.00 Sjáðu**

**03.30 Fréttir Stöðvar 2**

**04.20 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**12.05** Only Fools and Horses **12.35** My Family **13.05** My Family **13.35** My Hero **14.05** My Hero **14.35** The Weakest Link **15.20** Dalziel and Pascoe **16.10** EastEnders **16.40** The Weakest Link **17.25** ‚Allo ‚Allo! **18.00** Whose Line Is It Anyway? **18.30** The Green, Green Grass **19.00** Gavin & Stacey **19.30** Jonathan Creek **20.25** The Green, Green Grass **20.55** Whose Line Is It Anyway? **21.25** Doctor Who **22.10** Doctor Who **22.55** ‚Allo ‚Allo! **23.30** Whose Line Is It Anyway? **00.00** The Green, Green Grass

## DR 1

**12.00** DR-Explorer **12.30** Og det var Danmark... **13.00** Kær på tur **13.30** Ønskehaven **14.00** That's So Raven **14.25** Caspers skræmmeskole **14.50** Hyrdehunden Molly **15.00** Minisekterne **15.05** Peter Pedal **15.30** Lille Nørd **16.00** Hvad er det værd? **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Chris på Skolebænken **17.30** Ønskehaven **18.00** Det sode liv **18.30** Forsvundne danskere **19.00** TV Avisen **19.25** SportNyt **19.30** Sommervejret **19.40** Vilde roser **20.25** Flammer **21.55** Redningstjenesten på vej **22.25** Naruto Uncut **22.45** Naruto Uncut **23.10** Godnat

## NRK 1

**12.20** Drivhusdrømmer **12.50** Smaken av Danmark **13.20** Ut i naturen **13.50** Sommeråpent **14.40** Duften av nybakt **15.05** 30 Rock **15.30** 330 skvadronen **16.00** Oddasat - nyheter på samisk **16.05** Nyheter på tegnspråk **16.10** Tinas mat **16.40** Norge i dag **17.00** Dagsrevyen **17.30** Friidrett **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Sommeråpent **20.20** Pinlige sykdommer **21.05** Kveldsnytt **21.20** Extra-trekning **21.30** Hva skjedde med Margaret Reid? **22.20** Kattedilla **22.45** Damenes detektivbyrå nr. 1 **23.40** Svisj gull

## SVT 1

**12.35** Festivitetssalongen **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Pusselbitar **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Engelska Antikrundan **17.15** K-märkt form **17.20** Regionala nyheter **17.30** Rapport **18.00** Allsång på Skansen **19.00** Morden i Midsomer **20.30** Nunnan **21.30** Cleo **22.00** Pusselbitar **23.00** The Last Days of Disco




## VERSLUNARMANNAHELGIN



*„Það verður annaðhvort Innipúkinn eða að henda tjaldinu í skottið og finna næsta áfangastað þar sem fjörið er.“*

Kristín Ýr Gunnarsdóttir, nemi í kvikmyndagerð.

# Júlí Heiðar í samkeppni við KK

Popparinn Júlí Heiðar Halldórsson hefur samið lag um þjóðhátíð í Eyjum og er nýtt myndband við það komið inn á Youtube. Fetar hann þar í fótspor KK sem hefur þegar samið hið opinbera þjóðhátíðarlag í ár, ballöðuna Viltu elska mig á morgun.

Júlí hefur vakið hneykslan fyrir grófa texta sína en þjóðhátíðarlagið, sem heitir einfaldlega Á þjóðhátíð, er aftur á móti sárasaklaust kassagítarlag. Lagið samdi hann í fyrra áður en hann fór í fyrsta sinn á þjóðhátíð. „Ég samdi þetta frá grunni sjálfur og mér finnst textinn vera góður. Eins og ummælin sem eru búin að koma á Youtube þá er fólk ekki beint að fíla KK-lagið. Það vill frekar hafa þetta sem þjóðhátíðarlagið í ár,“ segir Júlí Heiðar, sem er engu síður ánægður með lag KK. „Mér finnst það svakalega fallegt lag en ég persónulega er ekkert geðveikt hrifinn af því sem þjóðhátíðarlagi. Ég fæ enga stemningu frá því en það er samt fallegt lag og vel gert. Mitt er bara píanó og gítar, frekar útilegulegt. Allir geta lært það, tekið upp gítarinn í útilegu og spilað.“

Myndband við lagið var tekið upp í Eyjum á dögunum og verður það sýnt í Herjólfi alla verslunarmannahelgina. Sjálfur ætlar Júlí til Eyja um helgina og að sjálfsögðu fer hann með Herjólfi. „Ég ætla að taka „jólfinn“ og horfa á sjálfan mig í sjónvarpinu. Það er alltaf mjög vandræðalegt að hlusta á sjálfan sig í útvarpi eða horfa á sig í myndbandi. Mér líður alltaf eins og hálfvita,“ segir hann. - fb



**JÚLÍ HEIÐAR** Júlí Heiðar hefur samið lagið Á þjóðhátíð, sem er sárasaklaust útilegulag. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**LÁRÉTT**
**2.** gáski, 6. klafi, 8. atvikast, 9. gums, 11. klaki, 12. frumefni, 14. mælieining, 16. gyltu, 17. titill, 18. fugl, 20. stöðug hreyfing, 21. drunur.

**LÓÐRÉTT**
**1.** íþrótt, 3. í röð, 4. baptisti, 5. prjónavarningur, 7. hænsnfugl, 10. blása, 13. heyskaparamboð, 15. stútur, 16. verkfæri, 19. fen.

**LAUSN**
**LÁRÉTT:** 2. ærsl, 6. ok, 8. ske, 9. lap, 11. ís, 12. flúor, 14. karat, 16. sú, 17. frú, 18. önd, 20. ið, 21. gnýr.
**LÓÐRÉTT:** 1. golf, 3. rs, 4. skírari, 5. les, 7. kalkúnn, 10. púa, 13. orf, 15. túða, 16. sög, 19. dý.






## ERLA MARÍA ÁRNADÓTTIR: TEYMI CÖRLU BRUNI LEIST VEL Á VERKIN

# Myndskreytir heimasíðu forsetafrúar Frakklands

Erla María Árnadóttir var nýlega valin í hóp myndskreytara til að myndskreyta heimasíðu forestafrúar Frakklands, Cörlu Bruni Sarkozy. Heimasíðan heldur utan um málefni sem forsetafrúin berst fyrir.

„Teymið í kringum forsetafrúna skoðaði verkin okkar og valdi þá sem þeim leist vel á. Mér var í framhaldi af því boðið að myndskreyta tvö málefni á síðunni sem koma inn von bráðar,“ segir myndskreytirinn Erla María. „Kærastinn minn, Jónas Valtýsson, starfar sem grafískur hönnuður á stofunni sem sér um þessa heimasíðu.“

Erla, sem er 26 ára gömul, útskrifaðist árið 2008 úr hreyfimyndagerð og myndskreytingu frá skóla á Ítalíu. Hún fluttist svo til Brighton í Englandi þar sem hún starfar nú á eigin vegum. Málefnin sem Erla María myndskreytti var kynning á heimildarmynd sem gerð var um slæmar aðstæður fanga og kynning á danshóp sem vekur athygli á fátækt.

Hönnun Erlu Maríu hefur vakið athygli en bandaríska fyrirtækið Arts Project bauð henni nýlega að selja nokkur verk á heimasíðu sinni. Fyrirtækið heldur úti alþjóðlegu verkefni þar sem listamenn og myndskreytarar geta haft vörur sínar til sölu án þess að missa eignarréttinn á þeim. Á þeirri síðu hefur Erla til sölu skó, hjólabretti og fatnað með myndum sem er hennar hönnun. Erla hefur einnig unnið með kvikmyndaframleiðendum við gerð svokallaðra tilfinninga-myndskreytingu. Það eru teikningar af tilfinningum sem leikstjórar vilja ná fram í völdum senum kvikmyndarinnar. Til að allir sem að þeim koma fái sömu sýn á tilfinningarnar eru teikningarnar hafðar á tökustaðnum svo allir viti hvað það er sem þeir eiga að nálgast.



**ERLA MARÍA**
Skór Erlu Maríu eru dæmi um hönnun hennar sem hún selur á heimasíðu Arts Project. Verk Erlu verður brátt að finna á vefsíðu **Cörlu Bruni,** forsetafrúar Frakklands, þar sem vakin er athygli á ýmsum góðgerðamálum.

„Það er í raun þunn lína á milli myndlistarmanna og myndskreytara nema þá helst það að myndskreytarar eru frekar í því að myndskreyta texta annarra,“ segir Erla María. Verk þeirra er helst að finna í tímaritum, bókum og á heimasíðum. linda@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Tökur á sjónvarpsauglýsingu fyrir söngleikinn Buddy Holly hefjast í vikunni. Söguþráðurinn er á þann veg að Ingó Veðurguð, sem leikur Holly, spilar með liði sínu Selfossi á móti KR, breytist síðan í Buddy Holly og gerir allt brjálað á tónleikum. Leikstjóri auglýsingarinnar verður rapparinn **Bent**, sem hefur að undanförnu tekið upp grínþættina Steindinn okkar. Þetta verður í fyrsta sinn sem hann reynir fyrir sér án Steinda en áður hafa þeir félagar gert auglýsingar fyrir Ring og Sjóvá.



Tískubloggarinn Yvan Rodic var staddur hér á landi fyrir stuttu en hann er þekktur fyrir að taka götutískumyndir af fólk víðs vegar um heiminn fyrir hina ýmsu miðla. Á sunnudag birtist myndaþáttur frá Rodic í vefmiðli breska dagblaðsins The Guardian frá Reykjavík. Rodic segir meðal annars í greininni að hann hafi ekki séð neina ösku og að Reykjavik sé dýrari en London og Paris. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem Rodic, betur þekktur sem Facehunter, kemur til landsins en hann kemur hingað reglulega til að mynda smekklega Íslendinga. Meðal þeirra birtast í greininni í The Guardian er Sara Maria fatahönnuður í Forynju.

Óvenjumikil umferð ýmiskonar stjarna hefur verið í Reykjavík undanfarið. Barnastjarnan **Haley Joel Osment** var í Reykjavík um helgina og sást meðal annars á Prikinu. Osment útskrifaðist nýlega sem leikari frá Tisch-listaháskólanum í New York og er hér á landi í útskriftarferð. Þá sást leikarinn John Turturro í Reykjavík fyrir helgi, en óvíst er hvaða erindi hann átti til landsins. Loks var fyrirsætan Natalia Vodianova í Reykjavík á dögunum og vakti mikla athygli - enda stórglæsileg kona. - fb, áp, afb



# Mammút góð í Hljómskálagarðinum

Iceland Inspires-tónleikarnir sem voru haldnir í Hljómskálagarðinum á dögunum fá góða dóma hjá bresku tónlistarsíðunni Addictmusic. „Þrátt fyrir að aðeins rúmlega 300 þúsund búi á Íslandi hefur sá fjöldi flytjenda sem kemur þaðan verið furðu mikill. Í kvöld voru þónokkrar hljómsveitir sem ætluðu sér að halda uppi þessum gæðastimpli og mörgum tókst það,“ segir í umfjölluninni. „Mammút kom mest á óvart. Þrátt fyrir að vera ung að árum og að tónlistin virðist frekar barnaleg á köflum, hefur söngkonan Kata sviðsframkomu og hæfileika sem geta fleytt hljómsveitinni langt erlendis. Kata, sem er einhvers staðar mitt á milli Karen O (söngkonu Yeah Yeah Yeahs) og Florence Welch (söngkonu Florence and the Machine), hélt athyglinni mjög vel,“ segir gagnrýnandinn.

Hann bætir við að frammistaða hljómsveitarinnar Seabear hafi verið upplífgandi og að áhrifin frá hinni kanadísku Arcade Fire hafi verið greinileg.

Jason Pierce, forsprakki bresku sveitarinnar Spiritualized, fær einnig góða dóma fyrir sína frammistöðu. „Maður sá greinilega á Pierce að hann lifði ansi hratt þegar Spiritualized var hvað vinsælust á tíunda áratugnum. Hann sat allan tímann með veiklulega handleggina utan um gítarinn sinn og sólgleraugun á andlitinu. Þrátt fyrir útlit hans var röddin langt frá því að vera út úr kortinu.“



**KATRÍNA MOGENSEN** Söngkona Mammút fær góða dóma fyrir frammistöðu sína.



**Í HLJÓMSKÁLAGARÐINUM** Rigning setti svip sinn á tónleikana.







# Bláa bomban

VERÐSPRENGJA!

# 20%

VIÐBÓTARAFSLÁTTUR

af allri útsöluvöru*

*Gildir ekki af vörum hjá NTC

DEBENHAMS

HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI

FRÉTTABLAÐIÐ
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS
**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja
9 771670 387005
Pósthúsið
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

KÍKTU Í HITT HORNIÐ

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Misjafnlega hógværir víkingar

Útrásarvíkingarnir fyrrverandi hafa ekki verið áberandi í íslensku þjóðlífi undanfarið, en skjóta þó upp kollinum reglulega hér og þar. Eins og gengur þá vekur nærvera þeirra mikla athygli og fólk spáir til að mynda mikið í hvers konar bílum þeir aka á. Björgólfur Thor sást á dögunum keyra um á nokkurra ára gömlum BMW X5-jeppa sem er nokkuð hógvært val á bíl miðað við fortíð kappans í fjármálaheiminum. **Karl Wernersson** er ekki eins hógvær, en hann fór á golfæfingu í Básum á dögunum á stórglæsilegum Bentley. Slíkar kerrur eru afar sjaldséðar á Klakanum, enda svimandi hár verðmiðinn á færi fárra.



### Stórsöngvari sjötugur

**Jón Kr. Ólafsson** stórsöngvari verður sjötugur 22. ágúst næstkomandi. Af því tilefni ætla nokkrir vinir og kunningjar Jóns að efna til afmælistónleika honum til heiðurs, þar sem hann mun meðal annars stíga á stokk og flytja nokkur af sínum vinsælustu lögum. Tónleikarnir verða í lok september en nákvæm tímasetning er ekki enn komin á hreint og ekki heldur hvaða stjörnur mæta á svæðið. Jón Kr. er fæddur og uppalinn í Bíldudal þar sem hann steig sín fyrstu skref sem söngvari. Síðar stofnaði hann danshljómsveitina Facon og var það með því bandi sem hann flutti lagið Ég er frjáls, sem kom meðal annars út á safnplötunni Pottþétt hinsegin. árið 2002.



**- afb, sv**

## Mest lesið VISIR.IS

1 Sátt hefur náðst í nágrannadeilunum í Garðabæ
2 Octopus, ein stærsta ofursnekkja heims til Reykjavíkur
3 Andlit Jesú sést í hænsnafjöðrum Gloriu
4 Foreldrar stúlku með hvítblæði ætla að kæra Orkuveituna
5 Nágrannaerjur í Garðabæ: Fjölskyldurnar flúnar heimili sín




